


ÚTTEKT Á STARFSEMI

leikskólans Stekkjaráss í Hafnarfirði

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið
desember 2012

ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

Ingunn B. Vilhjálmisdóttir, Svava Bernhard
Sigurjónsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir



Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus - mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, börnum, foreldrum, bæjarstjóra, fulltrúm fræðsluráðs og fulltrúum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar fyrir aðstoðina við gagnaöflun og samstarf á meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 20. desember 2012

Ingunn B. Vilhjálmsdóttir, Svava Bernhard Sigurjónsdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir.

Efnisyfirlit

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM	4
1. INNGANGUR	6
1.1. GAGNAÖFLUN	6
2. LEIKSKÓLINN OG UMHVERFI HANS	7
2.1. HELSTU EINKENNI LEIKSKÓLANS.....	7
2.2. SKÓLASTEFNA OG ÁHERSLUR SVEITARFÉLAGSINS.....	7
2.3. HUGMYNDAFRÆÐI, STEFNA OG HELSTU ÁHERSLUÞÆTTIR LEIKSKÓLANS.....	8
2.4. INNLEIÐING LAGA OG REGLUGERÐA	9
2.5. HÚSNÆÐI SKÓLALÓÐ OG AÐBÚNAÐUR.....	10
2.5.1. Húsnæði og aðbúnaður.....	10
2.5.2. Skólalóð	11
2.5.3. Eftirlit, öryggi og slysavarnir	11
2.6. MAT ÚTTEKTARÆÐILA	12
3. STJÓRNUN OG REKSTUR.....	14
3.1. STJÓRNSKIPULAG OG SKIPURIT.....	15
3.2. STARFSÁÆTLUN OG ÁRSSKÝRSLA	16
3.3. MAT ÚTTEKTARÆÐILA	16
4. SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLA.....	18
4.1. SKÓLANÁMSKRÁ.....	18
4.2. TENGL SKÓLASTIGA	19
4.3. MAT ÚTTEKTARÆÐILA	20
5. MANNAUÐUR.....	21
5.1. FJARVISTIR STARFSMANNA	22
5.2. MÓTTAKA NÝLIÐA	23
5.3. SÍ- OG ENDURMENNTUN	23
5.4. FUNDIR OG BOÐSKIPTI	24
5.5. MAT ÚTTEKTARÆÐILA	25
6. UPPELDI, MENNTUN OG UMÖNNUN.....	26
6.1. NEMENDUR.....	26
6.2. DAGLEGT STARF LEIKSKÓLANS	26
6.3. LEIKUR OG NÁM.....	27
6.4. LEIKEFNI OG EFNIVIÐUR.....	28
6.5. LÍÐAN NEMENDA.....	29
6.6. LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI.....	30
6.7. SAMSKIPTI, AGI OG HEGÐUN.....	31
6.8. ÞRÓUNARVERKEFNI	31
6.9. MAT ÚTTEKTARÆÐILA	32
7. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI.....	34
7.1. STARFSANDI OG SAMSKIPTI	34

7.2. JAFNRÉTTI	35
7.3. ÞÁTTTAKA OG ÁHRIF	35
7.4. EINELTI	36
8. LEIÐARLJÓÐ, GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR OG NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA	38
8.1. SAMÞÆTT OG SKAPANDI SKÓLASTARF	38
8.1.1. Námsvið leikskóla.....	39
8.2. MAT ÚTTEKTARADILA	40
9. INNRA MAT	41
9.1. FRAMKVÆMD OG ÁBYRGÐ	41
9.2. ÞÁTTTAKA OG ÁHRIF	41
9.3. EFTIRFYLGN OG KYNNING Á NIÐURSTÖÐUM.....	42
9.4. MAT ÚTTEKTARADILA	43
10. FORELDRAR OG YTRI TENGL	44
10.1. FORELDRARÁÐ.....	44
10.2. FORELDRAFÉLAG.....	45
10.3. LÝÐRÆÐI OG ÞÁTTTAKA	45
10.4. SAMSKIPTI HEIMILIS OG LEIKSKÓLANS	45
10.5. MAT ÚTTEKTARADILA.....	46
11. SÉRKENNSLA BARNA OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS	47
11.1. SÉRKENNSLA BARNA	47
11.2. SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS.....	48
11.3. MAT ÚTTEKTARADILA.....	49
12. MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS.....	50
12.1. MAT ÚTTEKTARADILA.....	50
13. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA	52
13.1. STYRKLEIKAR OG VEIKLEIKAR	52
13.2. ÓGNANIR OG TÆKIFÆRI	53
13.3. TILLÖGUR AÐ AÐGERÐUM TIL ÚRBÓTA	53
HEIMILDIR	55

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi leikskólans Stekkjaráss sem gerð er á grundvelli 20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Lagt er mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins og gerð grein fyrir því hvernig innra og ytra mat leikskólans ásamt eftirliti sveitarfélagsins nýtist honum.

Leikskólinn Stekkjarás er að Ásbraut 4 í Hafnarfirði og tók til starfa árið 2004. Í leikskólanum eru 180 börn á átta deildum og eru yngstu börnin fædd 2010. Starfsmenn eru 49, einn karl og 48 konur, þar af 26% leikskólakennarar. Skólafélag sveitarfélagsins var samþykkt 2005, endurskoðuð 2008 út frá lögum um leikskóla. Leikskólinn starfar eftir starfsaðferðum Reggio Emilia. Hugmyndafræði, stefna og áhersluþættir hans voru mótuð af starfsfólki skólans en taka ekki mið af nýrri aðalnámskrá frá árinu 2011. Helstu áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans eru að dregið hefur úr samráðstíma starfsmanna, innkaup hafa verið skert og viðhald á húsnæði og aðbúnaði hefur verið í lágmarki. Starfsmannavelta er mjög mikil svo og fjarvistir.

Leikskólinn uppfyllir að flestu leyti lög og reglugerðir um húsnæði og aðbúnað og kröfur stjórnenda, starfsmanna, foreldra og barna. Rýmingar- og viðbragðsáætlanir liggja fyrir. Sátt ríkir um stjórnun skólans og starfslýsingar eru til fyrir flesta starfsmenn. Skólabragur er jákvæður en álag og kjaraskerðing hefur að sögn stjórnenda og starfsmanna haft sín áhrif. Misjafnt er eftir deildum hvort verkferlar eru skýrir. Aðkoma almennra starfsmanna að stjórnun skólans er misjöfn og fer einna helst í gegnum deildarstjóra. Skriflegt mat um skólann er að finna í starfsáætlun og sjálfsmatsskýrslu. Leikskólinn starfar eftir skólanámskrá frá árinu 2009 en í hana vantar kafla um sérfaðipjónustu og tengsl milli leik- og grunnskóla og skýrari námsmarkmið. Samstarf er við tvo grunnskóla sveitarfélagsins sem flest börn sækja að loknu leikskólanámi.

Starfsmannahandbók er til í drögum og símenntunaráætlun liggur fyrir. Starfsmannasamtöl fara fram árlega. Ferli um móttöku nýrra starfsmanna er til en ekki nægilega mikið notað. Fundir og boðskipti eru með ágætum. Dagskipulag liggur fyrir og markast það af föstum athöfnum. Verkferlar um aðlögun barna eru skriflegir og skýrir en starfsmenn mættu í auknum mæli koma að gerð þeirra. Agastefna er til í drögum, misjafnt er hvort og hvernig henni er framfylgt innan leikskólans. Vægi frjálsa leiksins er stór hluti starfsins. Aðkoma barna að ákvarðanatöku innan leikskólans virðist vera með ágætum t.d. í gegnum stöðvavinnu. Fram kom að mikill skortur er á fjármagni til kaupa á leikefni og efniviði. Starfsmenn og foreldrar hafi því brugðið á það ráð að koma með leikefni og efnivið fyrir börnin að heiman. Samkv. bæjarstjóra fær hver og einn leikskóli rekstrarfjármagn sem á að duga fyrir daglegum rekstri þ.m.t. leikefni og efniviði. Innra og ytra mat á leikskólanum er ekki að fullu í samræmi við lög um leikskóla eða

aðalnámskrá. Foreldraráð og foreldrafélag er starfrækt í leikskólanum. Foreldraráð hefur m.a. lesið yfir skólanámskrá og sjálfsmatsskýrslur. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir hinum ýmsu viðburðum. Nokkurt samstarf er við grenndarsamfélagið. Vilji er meðal stjórnenda og starfsmanna fyrir aukinni þátttöku foreldra í starfi leikskólans en ekki hefur verið mikill áhugi meðal foreldra. Aðgangur skólans og foreldra að sérfræðipjónustu sveitarfélagsins er að mestu leyti í samræmi við ákvæði reglugerðar þar að lútandi. Almenn ánægja er með sérfræðipjónustuna en helst bar á að óánægja væri með langa biðlista eftir greiningu. Sveitarfélagið kemur til móts við þarfir þessara barna með því að veita fjármagn til stuðnings innan leikskólans áður en greining liggur fyrir. Samstarf er við heilsugæsluna en það fer að mestu fram í gegnum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Lagt er til að sveitarfélagið og stjórnendur leikskólans leiti leiða til þess að auka samvinnu og samstarf sín á milli. Mikilvægt er að sveitarfélagið rýni hvað liggja að baki mikilli starfsmannaveltu, fjarvistum og álagi meðal starfsfólks ásamt því að setja upp aðgerðaáætlun um úrbætur. Ennfremur er m.a. lagt til að sveitarfélagið veiti leikskólanum rými eins og kostur er til að laga skólastarf að nýrri aðalnámskrá og endurskoðun skólanámskrár, finni leiðir til að fjölga leikskólakennurum og að framkvæmt sé kerfisbundið ytra mat meðal hagsmunaaðila leikskólans.

Leikskólinn er hvattur til að endurskoða stefnu og skólanámskrá út frá skólastefnu sveitarfélagsins og aðalnámskrá 2011. Ennfremur að kynna betur ýmsar áætlanir og gögn sem leikskólinn á og vinnur eftir, greina betur fræðsluþarfir almennra starfsmanna, huga að útbótum vegna innra mats og auka vitund og þátttöku foreldra í starfi leikskólans.

1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi leikskólans Stekkjaráss í Hafnarfirði. Úttektin er gerð á grundvelli 20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á leikskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Lagt er mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins auk þess sem gerð er grein fyrir hvernig innra og ytra mat leikskólans ásamt eftirliti sveitarfélagsins nýtist honum.¹

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannauði og ráðgjöf að gera úttektina.² Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir leikskólanum Stekkjarási og niðurstöðum úttektarinnar, styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum skólans. Að lokum er samantekt á niðurstöðum og tillögur til úrbóta.

1.1. Gagnaöflun

Tekin voru viðtöl við leikskólastjóra í leyfi, starfandi leikskólastjóra, starfandi aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra, átta deildarstjóra, þrjá kennara, sjö starfsmenn, átta börn og fimm foreldra. Þá var fundað með tveimur fulltrúum fræðsluráðs, bæjarstjóra og tveimur fulltrúum frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Alls var rætt við 40 einstaklinga. Þátttakendur rýnihópa voru valdir í samráði við trúnaðarmann. Leikskólinn var heimsóttur þrisvar sinnum, 7. 8. og 9. nóvember 2012, og húsnæði og lóð skoðuð. Markmiðið með viðtölum, vettvangsskoðun og rýnihópum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila til leikskólastarfsins og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að. Óskað var eftir gögnum frá leikskólanum í samræmi við efnisyfirlit skýrslu og fékk leikskólastjóri gátlista til að styðjast við. Gögn voru misjöfn að gæðum. Auk ofangreindra þátta byggir úttektin á lögum og reglugerðum um leikskóla, skólanámskrá leikskólans og gögnum um starfsemi hans (sjá nánar í heimildaskrá).

¹ Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Attentus – mannauði og ráðgjöf um framkvæmd úttektar á leikskólanum Stekkjarási

² Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Attentus – mannauði og ráðgjöf um framkvæmd úttektar á leikskólanum Stekkjarási

2. LEIKSKÓLINN OG UMHVERFI HANS

Leikskólinn Stekkjarás er við Ásbraut 4 í Hafnarfirði. Hann tók til starfa árið 2004. Fyrri hluti byggingarinnar var tekin í notkun haustið 2004, þá fjórar deildir og þjónusturými. Seinni hluti hennar var tilbúin fyrri hluta árs 2005. Þar með var leikskólinn orðinn einn af stærstu leikskólum landsins með átta deildir.³ Leikskólinn er í mjög fjölbreyttu umhverfi. Þar má finna Ástjörn, skógrækt við tjörnina og Ásfjallið. Stutt er í næsta grunnskóla og auðveld ganga er í miðbæ Hafnarfjarðar.⁴

2.1. Helstu einkenni leikskólans

Stekkjars er átta deilda leikskóli og heita deildirnar Álfheimar, Blásteinn, Fífa, Glaðheimar, Krummakot, Sólgarður, Stekkur og Þúfa.⁵ Einkunnarorð skólans eru *Hugmyndir barnsins, verkefni dagsins*. Nemendur eru alls 180 og er meðalfjöldi barna í hópi um 20 börn. Við leikskólann starfa 49 starfsmenn þar af leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, átta deildarstjórar, fimm kennarar, 26 leiðbeinendur, þrír þroskaþjálfar, einn starfsmaður skrifstofu og fjórir starfsmenn í eldhúsi og þrifum. Kynjaskipting starfsfólks er 98% konur og 2% karlar. Alls eru 13 starfsmenn leikskólans leikskólakennarar, tveir með aðra kennaramenntun, þrír þroskaþjálfar og 13 með stúdentspróf. Meðalstarfsaldur leikskólakennara er 4,5 ár. Leikskólinn hefur sí- og endurmenntunaráætlun fyrir starfsfólk. Starfsmannavelta frá október 2011 til október 2012 var 42%.

2.2. Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins

Sveitarfélagið er með sérstaka skólastefnu en hún var samþykkt árið 2005 og endurskoðuð árið 2008. Að gerð hennar komu stýrihópur ásamt vinnuhópum grunnskóla, leikskóla, tónlistarnáms, fullorðinsfræðslu og símenntunar. Stýrihópin skipuðu formaður og tveir fulltrúar fræðsluráðs ásamt þremur starfsmönnum skólaskrifstofu, fræðslustjóra, þróunarfulltrúa leikskóla og þróunarfulltrúa grunnskóla. Ennfremur kom starfsfólk skólaskrifstofu, stjórnendur, kennarar og foreldrar að vinnu við endurskoðun stefnunnar.⁶ Skólastefnunni er ætlað að vera leiðarvísir um að hverju skuli stefnt.⁷

Í stefnunni eru settar fram leiðir að helstu áhersluatriðum og ennfremur er sérstaklega fjallað um hvert skólastig. Um leikskóla segir að til að efla ábyrgð og fjárhagslegt svigrúm leikskóla sé nauðsynlegt að tryggja þeim ákveðið sjálfstæði og sveigjanlegan starfsramma. Leggja skuli áherslu á eflingu sjálfstæðis skóla er varðar

³ Saga skólans af heimasíðu Stekkjarás

⁴ Gögn frá leikskólastjóra

⁵ Deildir af heimasíðu Stekkjarás

⁶ Athugasemdir bæjarstjóra við drög að úttekt á leikskólanum Stekkjarási

⁷ Skólastefna Hafnarfjarðar af heimasíðu sveitarfélagsins

stjórnun, rekstur, fjármál og fagleg málefni. Einnig að starfshættir leikskóla komi til móts við þarfir nemenda ásamt því að hafa þá í brennidepli skólastarfsins.⁸

Ennfremur eru sett fram áhersluatriði og leiðir að þeim er varða leikskóla en þau eru uppeldisstarfið og þjónustustig. Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins þá er stefnan í samræmi við lög um leikskóla frá árinu 2008 en hugsanlega ekki tilheyrandi reglugerðum þar sem þær hafi komið út eftir að stefnan var samþykkt. Skipaður hefur verið stýrihópur í tengslum við endurskoðun skólafélagssins þar sem m.a. verður tekið mið að nýrri aðalnámskrá ásamt viðeigandi lögum og reglugerðum sem hafa verið settar frá síðustu endurskoðun.⁹

2.3. Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslur leikskólans
Stekkarás starfar eftir uppeldissýn Reggio Emilia. Í sýninni er lögð áhersla á skapandi og gagnrýna hugsun, lýðræði og það að nota uppeldisfræðilegar skráningar til að nálgast hugmyndir og tilgátur barna. Það sem einkennir Stekkjarás er stöðvavinna, ReMida sem er miðstöð þar sem endurnýtanlegur efniviður er flokkaður og nýttur á ný, leikurinn, aldursblöndun, ungbarnadeildir, sérkennsla og foreldrasamstarf.¹⁰ Kerfið var innleitt árið 2006. Stefna leikskólans var mótuð af starfsmannahópnum.¹¹ Frá innleiðingu hefur kerfið verið þróað og lagað að starfsemi leikskólans hverju sinni að sögn stjórnenda. *Við erum Reggio skóli og orð eins og hugmyndafræði og stefna er eitthvað sem stýrir en við viljum að sýn og starfsaðferðir leiði okkur í starfi. Stefna er frá Ítalíu en aðlöguð að okkur og okkar bæjarfélagi og veruleika dagsins í dag s.s. hrininu og þeim straumum sem eru í gangi.*¹² Stefna er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

Í skólanámskrá segir að uppeldisáherslur skólans séu sýnilegar í einkunnarorðum hans *Hugmyndir barnsins – verkefni dagsins*. Lögð er áhersla á að börnin séu alltaf í brennidepli og litið á þau sem sjálfstæða og skapandi einstaklinga, hlustað á hugmyndir barnanna og vinnan löguð að hæfni þeirra og möguleikum. Á leikskólanum kallast þessar vinnuaðferðir lífssýn. Samkvæmt sýn leikskólans eru þrír kennarar: kennarinn, börnin og umhverfið.¹³ *Við erum vakandi fyrir því að umhverfið sé námshvetjandi, að börnin fái tækifæri til að læra hvert af öðru og að kennarinn sé samverkamaður þeirra. Við reynum með hjálp barnanna að sjá möguleikana í hversdagsleikanum, að uppgötva og rannsaka saman.*¹⁴ Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna vorið 2012 greindu 43% svarenda að þeir vinni eftir starfsaðferðum skólans (48% stundum, 5% sjaldan og 5% aldrei) og 41% að þeir veiti nemendum nám við hæfi (57% stundum, 2% sjaldan og 0% aldrei).¹⁵

⁸ Skólafélag Hafnarfjarðar af heimasíðu sveitarfélagsins

⁹ Fundur með bæjarstjóra, fulltrúum fræðsluráðs og fulltrúum skólaskrifstofu.

¹⁰ Skólanámskrá Stekkjarás

¹¹ Saga skólans af heimasíðu Stekkjarás

¹² Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹³ Skólanámskrá Stekkjarás

¹⁴ Skólanámskrá Stekkjarás

¹⁵ Starfsmannakönnun vor 2012

Að sögn deildarstjóra er unnið eftir hefðbundinni skipulagðri dagskrá á leikskólanum, ákveðnir fastir punktar séu yfir daginn.¹⁶ Stefna leikskólans hefur ekki verið endurskoðuð m.t.t. aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 né skólastefnu sveitarfélagsins. Að sögn leikskólastjóra var stefna skólans í upphafi löguð að skólastefnu sveitarfélagsins. Skólastefnan hafi síðan þá ekki tekið miklum breytingum og því hafi ekki verið talin þörf á endurskoðun á stefnu leikskólans í samræmi við þær breytingar.¹⁷ Að sögn starfsmanna eru þeir upplýstir um hugmyndafræði, stefnu og áherslur leikskólans og hún hafi verið endurskoðuð eftir þörfum. Þeir hafi komið að endurskoðun á hugmyndafræði og stefnu leikskólans. Stjórnendur benda þó á að samráðstímum hafi fækkað, starfsmannavelta sé 20-40% og því sé erfiðara að allir starfsmenn komi að endurmati en áður. Þó sé lögð áhersla á að allir taki þátt í öllu eins og hægt sé.¹⁸

2.4. Innleiðing laga og reglugerða

Að sögn leikskólastjóra hafa lög um leikskóla frá árinu 2008 og reglugerðir verið innleiddar að hluta til. Að hans sögn innihaldi skólanámskrá ekki allar þær upplýsingar sem lögini segi til um en ákveðið var að þær kæmu inn við endurskoðun sem enn hefur ekki átt sé stað. Einnig tekur hann fram að ekki séu að lágmarki 2/3 starfsmanna leikskólakennarar líkt og lögini segja til um.¹⁹

Samkvæmt leikskólastjóra hefur í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 dregið úr eftirvinnutímum sem geri það að verkum að samráðstími starfsmanna sé mjög naumur og álag á starfsmenn hafi aukist í kjölfarið. Ennfremur tilgreinir hann að fjármagn til innkaupa og viðhalds á búnaði sé mjög skert, viðhald á húsnæði sé ekkert og umhirðu garðs hafi verið haldið í lágmarki.²⁰ Að sögn starfsmanna skólans hafi, í kjölfar efnahagshrunsins, verið lögð niður staða fagstjóra í myndlist, samráðstími fagmenntaðra sé minni, minni eftirvinna, hádegisálag hafi verið tekið af, starfsmannafundir styttnir, innkaup skert og undirbúningstími séu minni en áður. Ennfremur kom fram meðal starfsmanna að foreldrar og börn hafi komið með efni og aðbúnað að heiman vegna þess að ekki sé fjármagn innan leikskólans. Fram kom að ekki sé leyfilegt að strauja perl nemenda þar sem ekki er fjármagn til þess að kaupa inn nýjar perlur. Því sé tekið á það ráð að tekin sé mynd af barninu með perlinu áður en perlurnar eru settar aftur í dósina.²¹

Að sögn foreldra hafa áhrif efnahagshrunsins verið að sumarfrí hafi verið lengt úr fjórum í fimm fastar vikur, starfsdögum hafi verið fjölgað, þjónustugjöld hafi verið aukin, afsláttur skertur og dregið hafi verið úr kostnaði í mat inni á leikskólanum. Foreldrar

¹⁶ Fundur með deildarstjórum

¹⁷ Gögn frá leikskólastjóra

¹⁸ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra; Fundur með deildarstjórum

¹⁹ Gögn frá leikskólastjóra

²⁰ Gögn frá leikskólastjóra

²¹ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna.

nefna að fiskur sé aðeins einu sinni í viku á matseðli leikskólans og súpa og hafragrautur hafi verið tekin inn í auknu mæli.²²

Skv. sveitarfélaginu þá hafa áhrif í kjölfar efnahagshrunsins aðallega snúið að foreldrunum en sumarfrí hafi verið lengt í fimm vikur, starfsmannafundir hafi verið færðir á dagvinnutíma, skipulagsdögum hafi verið fjölgað um tvo og gjaldskrá hafi verið hækkuð.²³ Samkv. bæjarstjóra þá var gert samkomulag við starfsmenn leikskóla, sem matast með nemendum í hádegi, um 10 fasta yfirvinnutíma. Samkomulagið var til takmarkaðs tíma frá 1. janúar 2008 til 30. nóvember 2008. Sá samningur féll úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Ennfremur hafi starfsdögum verið fjölgað til að koma til móts við þörf á starfsmannafundum og innleiðingu á nýrri aðalnámskrá. Undirbúningstími hafi ekki verið skertur og að hver og einn leikskóli fái rekstrarfjármagn sem eigi að duga fyrir daglegum rekstri þ.m.t. innkaupum á perlum.²⁴

2.5. Húsnæði skólalóð og aðbúnaður

Leikskólahúsnæði skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og velliðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðiþjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks²⁵.

2.5.1. Húsnæði og aðbúnaður

Stekkjars er átta deilda leikskóli sem byggður var árið 2004. Húsnæði skólans er 1358 m² og leikrými 590 m².²⁶ Sex deildir af átta hafa þrjú herbergi auk geymslu og salernis. Tvær deildir hafa fjögur herbergi auk geymslu og salernis. Heildarfermetrafjöldi hvernar deildar er um 68m² og hefur hver deild sér fatahengi. Húsnæði leikskólans er byggt upp sem spegilmynd. Deildirnar eru í fjórum einingum þar sem tvær deildir eru á móti hver annarri. Þær deildir deila með sér þurrkherbergi, forstofu, útiklósetti og útgangi út í garð. Í miðju húsnæðis er salur, eldhús, þvottahús, kaffistofa, skrifstofurými og tvö myndlistarherbergi.²⁷ Samkv. stjórnendum þá er húsnæði og útisvæði leikskólans í samræmi við þau lög og reglur sem í gildi voru þegar hann var byggður árið 2004.²⁸ Almennt mætir leikskólinn kröfum stjórnenda, starfsmanna, barna, foreldra og sveitarfélagsins, að þeirra eigin sögn. Helst bar á að starfsmenn nefndu að tölvur væru úreltar, deildir væru litlar en miðrými stórt. Ennfremur var bent á að erfitt væri að setja hillur upp á vegg vegna efnis í veggjum og ef kennaratyggjó væri notað á vegg ætti það til að taka málninguna af. Foreldrar bentu á að skipulag deilda væri gott þar sem þeir fyndu ekki fyrir því hversu stór leikskólinn væri í raun og veru.

²² Rýnihópur foreldra

²³ Fundur með bæjarstjóra, fulltrúum fræðsluráðs og fulltrúum Skólaskrifstofu

²⁴ Athugasemdir bæjarstjóra við drög að úttekt á leikskólanum Stekkjarási

²⁵ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 12. gr.

²⁶ Skólanámskrá Stekkjarás

²⁷ Gögn frá leikskólastjóra

²⁸ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

Leikskólinn hefur ekki lagt fyrir kannanir á viðhorfi starfsfólks og foreldra til húsnæðis og aðbúnaðar. Að sögn leikskólustjóra eru starfsmenn spurðir út í húsnæði og aðbúnað í starfsmannasamtölum og að sveitarfélagið hafi staðið fyrir könnun meðal foreldra árið 2011 þar sem þeir voru spurðir út í þessa þætti.²⁹ Í könnuninni var ein spurning er laut að húsnæði og aðbúnaði, *telur þú að námsumhverfi barnsins (húsnæði og leikvöllur) sé hvetjandi og aðlaðandi?* Svarhlutfall könnunarinnar var 55%. Mikill meirihluti foreldra, um 90%, greindi frá að þeir teldu námsumhverfi barna sinna vera mjög eða frekar hvetjandi og aðlaðandi. Þeir sem svöruðu spurningunni neitandi voru beðnir um að koma með tillögur að útbótum. Þar var nefnt að leiktæki á lóð mættu vera meira við hæfi yngri barna, betrubæta mætti lóðina og að kastali á útisvæði væri varasamur.³⁰

2.5.2. Skólalóð

Lóð skólans er 1448,7 m². Tveir stórir kastalar eru á lóðinni auk þriggja rólusetta þ.e. tvær rólur í setti og ýmissa annarra leiktækja s.s. jafnvægis-, vegasalts- og ruggutækja. Lítill kastali er inni á ungbarnasvæði en hluti lóðar er afgirtur með lágu grindverki fyrir ungu leikskólabörnin. Leikskólamöl er undir köstulunum en gúmífallhellur eru undir öðrum leiktækjum. Steipt gangbraut er við leikskólann og stétt fyrir framan húsnæði. Tveir stórir sandkassar eru á lóð ásamt tveimur minni. Annar stærri sandkassanna hefur verið fylltur af leikskólamöl vegna þess hve kostnaðarsamt er að skipta um sand. Ekki hafa verið gerðar kannanir á viðhorfi starfsfólks og foreldra til skólalóðar og aðbúnaðar á henni umfram þær sem rætt var um hér að ofan.³¹

Að sögn stjórnenda, starfsmanna og foreldra eru styrkleikar skólalóðarinnar þeir að hún er bæði rúmgód og fjölbreytt. Veikleikar hennar felist í blindum svæðum beggja vegna hússins og viðhaldsleysi sökum fjárskorts. Lóð leikskólans hefur ekki verið tekin út árlega af óháðum aðila líkt og reglugerðir³² þar að lútandi gera ráð fyrir.³³ Skv. fulltrúum sveitarfélagsins hefur það óskað eftir slíkri úttekt og er gert ráð fyrir henni í fjárlögum næsta árs en lóðir leikskóla bæjarfélagsins hafi verið yfirfarnar reglulega af starfsmanni bæjarins. Sú yfirferð sé byggð á sambærilegum stöðlum og sú úttekt sem lög segja til um. Ennfremur skili hver leikskóli vikulegri skýrslu um ástand lóðar til sveitarfélagsins.³⁴

2.5.3. Eftirlit, öryggi og slysavarnir

Síðasta eftirlitsheimsókn vinnueftirlitsins fór fram í leikskólanum í júní 2010. Þar kemur fram að vinnuáðstæður uppfylla lánmarksákvæði gildandi laga og reglna en skipulag innra vinnuverndarstarfs ekki. Í bréfi leikskólustjóra til vinnueftirlitsins í mars 2012

²⁹ Gögn frá leikskólustjóra

³⁰ Niðurstöður foreldrakönnunar 2011

³¹ Gögn frá leikskólustjóra

³² Reglugerð nr. 607/2005 um breytingu á reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða; Reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

³³ Fundur með leikskólustjóra (í leyfi) og starfandi leikskólustjóra og aðstoðarleikskólustjóra; Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna; Rýnihópur foreldra

³⁴ Fundur með bæjarstjóra, fulltrúum fræðsluráðs og fulltrúum Skólaskrifstofu

kemur fram að brugðist hafi verið við athugasemdum vinnueftirlitsins að hluta til eða að því marki sem fjármagn leyfir. Reglubundið eftirlit á vegum heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fór fram í júní 2012. Engar athugasemdir voru settar fram um úrbætur.³⁵ Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins framkvæmdi eftirlit á brunavörnum leikskólans í október 2012. Þar kemur fram að fjögur atriði eru í lagi, eitt valdi óverulegri hættu og fjögur umtalsverðri hættu. Helst þurfti að laga útiljós, neyðarlýsingu, brunaviðvörðun og eldvarnarhurð.³⁶ Við skólann er starfsandi öryggisnefnd skv. vinnuverndarlögum og hefur hún sett sér starfsreglur, skv. stjórnendum. Að þeirra sögn hefur nefndin m.a. gert áhættumat í samræmi við starfsreglur sínar. Að sögn stjórnenda fullnægir leikskólinn, húsnæði, skólalód og aðbúnaður kröfum eftirlitsaðila að flestu leiti. Reynt hafi verið að bregðast við athugasemdum eftirlitsaðila en sumar athugasemdir sé ekki hægt að koma til móts við vegna skorts á fjármagni s.s. hurð inn í sal.³⁷

Leikskólinn hefur rýmingar- og viðbragðsáætlun í tengslum við bruna.³⁸ Brunaæfingar eru gerðar reglulega þar sem starfsmenn og börn eru þátttakendur, að sögn stjórnenda. Síðasta brunaæfing leikskólans var vorið 2012.³⁹ Ekki var samhljómur meðal starfsmanna og stjórnenda hvort brunaæfingar væru haldnar reglulega.⁴⁰ Leikskólinn hefur nýverið staðið fyrir eldvarnarnámskeiði og á rýmingaráætlun að vera til staðar inni á hverri deild, að sögn stjórnenda. Stjórnendur segja starfsfólk almennt upplýst um brunavarnir og rýmingaráætlun en þar sem mikil velta hafi verið á starfsfólki sé ekki víst að upplýsingar um þessi málefni hafi náð til allra nýrra starfsmanna.⁴¹ Að sögn starfsmanna eru þeir upplýstir um brunavarnir og rýmingaráætlun leikskólans.⁴² Skriflegur verkferill er til ef slys ber að höndum.⁴³ Allir starfsmenn leikskólans fóru á skyndihjálpanámskeið í maí árið 2012.⁴⁴ Starfsmenn sögðu verkferla í tengslum við slysavarnir skýra og skyndihjálpanámskeið séu haldin á tveggja ára fresti.⁴⁵

2.6. Mat úttektaraðila

- Skólastefna Hafnarfjarðar var samþykkt árið 2005, endurskoðuð 2008. Skipaður hefur verið stýrihópur vegna endurskoðunar hennar m.t.t. aðalnámskrár 2011, viðeigandi laga og reglugerða.
- Stefna Stekkjaráss hefur ekki verið endurskoðuð m.t.t. breytinga á skólastefnu sveitarfélagsins frá árinu 2008. Úttektaraðilar hvetja stjórnendur skólans til að

³⁵ Eftirlitsskýrslur frá Brunavörnum, Heilbrigðiseftirliti og Vinnueftirliti

³⁶ Eftirlitsskýrslur frá Brunavörnum, Heilbrigðiseftirliti og Vinnueftirliti

³⁷ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

³⁸ Rýming á húsnæði við brunaböð

³⁹ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

⁴⁰ Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

⁴¹ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

⁴² Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

⁴³ Slys á börnum

⁴⁴ Gögn frá leikskólastjóra

⁴⁵ Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna.

endurskoða stefnu skólans m.t.t. endurskoðaðrar skólastefnu sveitarfélagsins (þegar hún liggur fyrir), aðalnámskrá 2011 ásamt viðeigandi lögum og reglugerðum.

- Starfsmenn leikskólans eru upplýstir um hugmyndafræði, stefnu og áherslur hans og hafa haft aðkomu að endurskoðun þeirra. Hugmyndafræði og stefna leikskólans er aðgengileg á heimasíðu hans.
- Í viðhorfsskönnun meðal starfsmanna árið 2012 kom fram að 43% svarenda telja sig vinna eftir starfsaðferðum leikskólans, 48% stundum, 5% sjaldan og 5% aldrei. Ennfremur kom fram að 41% svarenda töldu að þeir veiti nemendum nám við hæfi, 57% stundum og 2% sjaldan. Úttektaraðilar hvetja stjórnendur leikskólans til að auka hvatningu meðal starfsmanna til að vinna eftir starfsaðferðum leikskólans og rýna að hvaða leiti leikskólinn sé ekki að veita nemendum sínum nám við þeirra hæfi.
- Fram kom meðal stjórnenda að lög um leikskóla frá árinu 2008 hafi aðeins verið innleidd að hluta til. Mikilvægt er að úr því verði bætt.
- Helstu áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans eru að dregið hefur úr eftirvinnutímum, samráðstími og starfsmanna hafi minnkað, álag á starfsmenn aukist, gjaldskrárhækkun, afsláttir skertir ásamt því að fjármagn til innkaupa og viðhalds hafi verið skert. Fram kom meðal viðmælenda að starfsmenn og foreldrar hafi þurft að koma með leikefni og efnivið að heiman þar sem mikill skortur hafi verið á honum og leikskólinn ekki haft fjármagn til innkaupa. Mikilvægt er að stjórnendur og fulltrúar sveitarfélagsins komi saman og ræði þessi mál. Að mati úttektaraðila er hér mikil þörf á úrbótum svo að niðurskurður komi ekki enn frekar niður á nemendum leikskólans og starfi hans.
- Leikskólinn uppfyllir að flestu leiti lög og reglugerðir um húsnæði og aðbúnað. Almennt mætir leikskólinn kröfum stjórnenda, starfsmanna, barna, foreldra og sveitarfélagsins. Mikilvægt er að nauðsynlegt viðhald fari fram á leikskólanum.
- Skólalóð leikskólans hefur ekki verið tekin út árlega að óháðum aðila líkt og lög gera ráð fyrir. Áætlanir eru um að svo verði eru fulltrúar sveitarfélagsins hvattir til að vinna áfram að því.
- Eftirlitsaðilar hafa tekið út leikskólann og lagt fram athugasemdir. Að sögn stjórnenda hefur ekki verið hægt að koma til móts við allar athugasemdir vegna skorts á fjármagni. Mikilvægt er að stjórnendur og fulltrúar sveitarfélagsins komi saman að lausn málsins og brugðist sé við öllum athugasemdum eftirlitsaðila.
- Misjöfn þekking kom fram meðal starfsmanna á hvernig brunavörnum sé háttað innan skólans. Mikilvægt er að stjórnendur upplýsi starfsmenn betur.

3. STJÓRNUN OG REKSTUR

Við leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraraðila. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarfi sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli... Leikskólastjóri gerir rekstraraðila og bæjarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu⁴⁶. Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólalahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólalahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.⁴⁷

Rekstraraðili leikskólans Stekkjaráss er Hafnarfjarðarbær en yfirstjórn leikskóla er í höndum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Á vegum bæjarins starfar fræðsluráð og heyrir það undir bæjarstjórn. Eftirfarandi stofnanir og deildir starfa á verkswiði ráðsins: leikskóli, grunnskóli, tónlistarskóli, PTM - foreldrafærni og Námsflokkar Hafnarfjarðar – Miðstöð símenntunar.⁴⁸ Í fræðsluráði eiga sæti fimm kjörnir fulltrúar, ásamt fulltrúa stjórnenda, kennara og foreldra leik- og grunnskólanemenda. Auk þess sitja fundi ráðsins fræðslustjóri, þróunarfulltrúi grunnskóla og þróunarfulltrúi leikskóla. Dagvistarfulltrúi og rekstrarstjóri fræðslupjónustunnar sitja fundi fræðsluráðs þegar það á við.⁴⁹ Fræðsluráð hefur annast málaflokk fræðslumála hjá Hafnarfjarðarbæ. Ráðið gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Þá getur bæjarstjórn falið fræðsluráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg⁵⁰.

Leikskólastjóri hóf störf í ágúst 2005 sem aðstoðarleikskólastjóri og sem leikskólastjóri ári seinna. Stjórnendur segjast gera bæjaryfirvöldum grein fyrir starfinu með árlegum sjálfsmatsskýrslum, starfsáætlunum, fræðsluráðsfundum og skóladagatali og senda þeim þau gögn um leikskólann sem óskað er eftir.⁵¹ Þeir taka fram að frá árinu 2004 hafi leikskólastjóri aðeins einu sinni verið boðaður á fund fræðsluráðs til þess að kynna starfsáætlun leikskólans. Að þeirra sögn er meiri vilji meðal bæjarins um þátttöku skólans í viðburðum bæjarins fremur en innra starfi leikskólans. Ennfremur kalla stjórnendur eftir að fulltrúar bæjarinnss „tali meira við okkur“.⁵² Að sögn fulltrúa bæjarins þá hefur leikskólinn staðist fjárhagsáætlun og stjórnendur geri grein fyrir starfinu á mánaðarlegum samráðsfundum og hálfsmánaðarlegum leikskólafundum ásamt skilum á skóladagatali og starfsáætlun.⁵³ Stjórnendur leikskólans segjast ekki kannast við mánaðarlega samráðsfundi. Hálfsmánaðarlega séu leikskólastjórafundir þar

⁴⁶ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 5. gr. 2. mgr.

⁴⁷ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 4. gr. 1. mgr.

⁴⁸ Fræðsluráð Hafnarfjarðar af heimasíðu sveitarfélagsins

⁴⁹ Athugasemdir bæjarstjóra við drög að úttekt á leikskólanum Stekkjarási

⁵⁰ Fræðsluráð Hafnarfjarðar af heimasíðu sveitarfélagsins

⁵¹ Gögn frá leikskólustjóra

⁵² Fundur með leikskólustjóra (í leyfi) og starfandi leikskólustjóra og aðstoðarleikskólustjóra

⁵³ Fundur með bæjarstjóra, fulltrúum skólaskrifstofu og fulltrúum fræðsluráðs

sem miðlað sé til þeirra upplýsingum og ákveðin mál tekin fyrir sem varða leikskólum bæjarins almennt. Að þeirra sögn gera þeir ekki grein fyrir starfi Stekkjaráss á þeim fundum.⁵⁴ Ekki hafa verið gerðar athugasemdir við rekstur leikskólans að hálfu bæjarins, skv. stjórnendum og fulltrúum sveitarfélagsins.⁵⁵

3.1. Stjórnskipulag og skipurit

Skólastarf leikskólans er í samræmi við lög, reglugerðir og viðurkennda starfshætti, skv. stjórnendum. Þó taka þeir fram að leikskólinn uppfylli ekki kröfur um hlutfall leikskólakennara.⁵⁶ Skipurit er ekki til fyrir leikskólann og fylgir hann starfslýsingum Félags leikskólakennara. Skv. stjórnendum samanstendur stjórnunarteymi leikskólans af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra, deildarstjórum og yfirmanni eldhúss. Að sögn þeirra hentar stjórnskipulag skólans stærð hans og verkefnum. Þó benda þeir á að þeir telji að miðað við stærð skólans og verkefna ætti aðstoðarleikskólastjóri og rekstrarfulltrúi að vera í fullu starfi sem slíkir.⁵⁷

Að sögn starfsmanna er almenn sátt um stjórnun skólans, eða „eins og fólk getur verið í slíkum aðstæðum (niðurskurði, veikindum starfsmanna og mikilli starfsmannavelta)“. Fram kom að starfsandi væri góður meðal starfsmanna og stjórnenda en stjórnendur væru „að vinna erfitt starf“ og „væru að gera sitt allra besta“.⁵⁸ Skv. stjórnendum er það vilji þeirra að raddir allra starfsmanna heyrist en viðurkenna að misjafnlega hafi tekist til í þeim efnum.⁵⁹ Starfsmenn, sem rætt var við, sögðu starfsmenn missátta um aðkomu sína að stjórnun skólastarfsins. Að þeirra sögn ræðst hún mikið af deildarstjóra þeirrar deildar sem þeir starfa á.⁶⁰

Í skólanámskrá leikskólans er kveðið á um að leikskólastjóri sé yfirmaður leikskólans og beri ábyrgð á rekstri og að unnið sé eftir þeim lögum, stefnum og námskrám sem eiga við um skólastigið. Aðstoðarleikskólastjóri vinnur að daglegri stjórnun og skipulagningu ásamt leikskólastjóra og er staðgengill hans.⁶¹ Ábyrgðarskipting stjórnenda birtist í verkefnasamningi milli þeirra. Mismunandi var hvort starfsmenn töldu ábyrgðarskiptingu stjórnenda skýra.⁶² Sérkennslustjóri ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslu í leikskólanum ásamt leikskólastjóra. Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldi og menntun barnahópsins á sinni deild. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrastarfi á deildinni. Leikskólakennarar vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldi og menntun barnanna. Matráður og starfsmenn í

54 Athugasemdir stjórnenda leikskólans við drög að úttekt á leikskólanum Stekkjarási

55 Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra ; Fundur með bæjarstjóra, tveimur fulltrúum skólaskrifstofu og tveimur fulltrúum fræðsluráðs

56 Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

57 Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

58 Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

59 Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

60 Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

61 Skólanámskrá Stekkjaráss

62 Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

eldhúsi sjá um samsetningu matseðla ásamt öðru starfsfólki, innkaup, matargerð og þvotta⁶³.

Skv. stjórnendum er starfsfólki gefinn kostur á að hafa áhrif á ákvörðunartöku innan leikskólans. Þau áhrif séu þó mest í gegnum deildarstjóra sem svo miðlar til stjórnenda og starfsmanna inni á deild.⁶⁴ Þetta sjónarmið taka deildarstjórar undir.⁶⁵ Að sögn starfsmanna, sem rætt var við, þá hafa þeir áhrif á ákvörðunartöku innan skólans og að hún sé skilvirk. Einna helst beri á að ákvörðunum sé ekki fylgt eftir þegar skortur er á fjármagni eða starfsfólki til þess. Að þeirra sögn er ákvarðanataka „Lýðræðisleg en síðan ákveða stjórnendur á endanum“. Þó benda þeir einnig á að aðkoma þeirra að ákvörðunum sé mismunandi eftir því á hvaða deild þeir starfa.⁶⁶ Aðkoma barna að ákvörðunartöku innan skólans er, að mati stjórnenda og starfsmanna, í gegnum stöðvavinnu, í frjálsum leik og við val á leikefni. Reynt sé að elta hugmyndir barnanna og lýsi einkunnarorð leikskólans, *Hugmynd barnsins – verkefni dagsins*, sýn leikskólans á aðkomu barna að ákvörðunartöku.⁶⁷ Starfsmenn sögðu misjafnt hvort verkferlar væru skýrir og fari það eftir deildum.⁶⁸ Stjórnendur leikskólans taka undir það sjónarmið.⁶⁹ Ekki eru til viðhorfskannanir er lúta að stjórnun.⁷⁰

3.2. Starfsáætlun og ársskýrsla

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans⁷¹

Á heimasíðu skólans eru aðgengilegar starfsáætlanir hans frá árinu 2007 – 2012. Í starfsáætlun fyrir árið 2012 kemur fram hlutverk skólans, stefnukort, mælikvarðar og viðmið, umfjöllun úr sjálfsmatsskýrslu, verkefnalisti og leiðir ásamt skóladagatali⁷². Könnun var lögð fyrir starfsmenn árið 2012 til að meta hvort leikskólinn hafi náð þeim viðmiðum sem hann setti sér í starfsáætluninni, sjá nánar kafla 2.3 og 7.1. Leikskólinn hefur ekki gefið út ársskýrslu en að sögn leikskólastjóra lítur hann svo á að sjálfsmatsskýrsla og starfsáætlun séu ígildi ársskýrslu.⁷³ Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins þá taka þeir sjálfsmatsskýrslu og starfsáætlun sem jafngildi ársskýrslu.⁷⁴

3.3. Mat úttektaraðila

- Leikskólinn hefur staðist fjárhagsáætlanir. Samvinna stjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins virðist ekki nægilega góð. Stjórnendur leikskólans kalla eftir aukinni

⁶³ Skólanámskrá Stekkjaráss

⁶⁴ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

⁶⁵ Fundur með deildarstjórum

⁶⁶ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

⁶⁷ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra; Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

⁶⁸ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

⁶⁹ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

⁷⁰ Gögn frá leikskólastjóra

⁷¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 14. gr. 2. mgr.

⁷² Starfsáætlanir af heimasíðu Stekkjaráss

⁷³ Gögn frá leikskólastjóra

⁷⁴ Fundur með bæjarstjóra, fulltrúum skólaskrifstofu og fulltrúum fræðsluráðs

endurgjöf og samráði við fulltrúa bæjarins. Í úttektinni bar á mikilli neikvæðni í garð bæjarfélagsins af hálfu stjórnenda, starfsmanna og foreldra. Úttektaraðilar telja mikilvægt að unnið verði að því að efla endurgjöf, samskipti og samstarf stjórnenda og fulltrúa bæjarins.

- Í rýnihópum kom fram almenn ánægja með stjórnun skólans. Engar kannanir hafa verið framkvæmdar er lúta að stjórnun og hvetja úttektaraðilar að úr því verði bætt.
- Fram kom að aðkoma starfsmanna að stjórnun og ákvörðunartöku væri breytileg eftir deildum og að hún sé að mestu í gegnum deildarstjóra. Mikilvægt er að aðkoma starfsmanna að stjórnun og ákvörðunartöku innan leikskólans sé samræmd svo og verkferlar.
- Aðkoma barna að ákvörðunartöku er með ágætum og birtist það m.a. í einkunnarorðum leikskólans, *Hugmynd barnsins – verkefni dagsins*.
- Ábyrgðarskipting stjórnenda er skýr í verkefnasamningi þeirra en skipurit liggur ekki fyrir og hvetja úttektaraðilar að það verði útbúið. Misjafnar skoðanir komu fram meðal starfsmanna um hvort þeir teldu ábyrgðaskiptingu stjórnenda skýra. Upplýsa þarf starfsmenn betur um skiptingu ábyrgðar sín á milli.
- Leikskólinn gefur út sjálfsmatsskýrslu og starfsáætlun sem sátt er um hjá fulltrúum sveitarfélagsins.

4. SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLA

Sérhverjum leikskóla ber að semja skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar⁷⁵. Í skólanámskrá skal gerð grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim markmiðum sem aðalnámskrá leikskóla setur, hvaða leiðir verða farnar og hvernig staðið er að mati. Jafnframt skal fjallað um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þær hugmyndafræðilegu áherslur sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið⁷⁶.

4.1. Skólanámskrá

Leikskólinn Stekkjarás hefur skólanámskrá frá árinu 2009 og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans. Allir starfsmenn komu að gerð hennar ásamt því að foreldraráð fékk hana til umsagnar. Skólanámskráin var í smíðum í nokkur ár og kom út haustið 2009 en þá vantaði í hana kafla um sérfræðipjónustu og tengsl leik- og grunnskóla. Ákveðið var að setja þessa kafla inn næst þegar skólanámskráin yrði endurskoðuð en beðið var eftir nýrri aðalnámskrá leikskóla sem kom út árið 2011.⁷⁷ Í skólanámskrá leikskólans koma fram upplýsingar um skólann, umfjöllun um námssvið skv. fyrri aðalnámskrá og leiðir skólans til að virkja þau, starfsaðferðir, daglegar venjur, samstarf heimilis og skóla, mat á skólastarfinu, starfslið skólans og hagnýtar upplýsingar⁷⁸.

Samkvæmt stjórnendum er leikskólinn ekki kominn lengra í innleiðingu nýrrar aðalnámskrár en að notkun og innleiðingu grunnþátta menntunar. Gert er ráð fyrir að halda skipulagsdag á haustönn 2012 sem tekinn verður undir vinnu við skólanámskrárgerð og miðar að því að laga hana að grunnþáttunum.⁷⁹ Að sögn stjórnenda hafa starfsmenn áhrif á þróun og breytingar á skólanámskrá að því leiti sem tími gefst til. Verið sé að nota samráðstíma í grunnþættina og skipað hafi verið í starfshóp um innleiðingu aðalnámskrár þar sem öllum hafi verið boðið að taka þátt. Einhvers misskilnings hafi gætt í ferlinu og ófaglærðir starfsmenn telji sig standa fyrir utan þessa vinnu. Áhersla sé á að allir rýni og komi með athugasemdir ef einhverjar eru í framhaldi af vinnu hópsins. Að sögn starfsmanna var skipun vinnuhópsins ekki sett fram með nægjanlega skýrum hætti og þeir viti ekki hvernig aðkomu þeirra verði háttað í framhaldinu. Mikill vilji sé meðal þeirra til að taka þátt enda séu þeir stór hluti starfsmannahópsins⁸⁰.

Að sögn stjórnenda og starfsmanna er skólastarfið að mestu leiti í samræmi við skólanámskrá en stjórnendur benda á að starfsmannavelta hafi verið há á leikskólanum og það hafi þurft að ýta á eftir starfsmönnum að vinna eftir skólanámskránni. Það eru hnökrar en unnið er eftir skólanámskrá að mestu leyti.⁸¹ Foreldrum hafi verið kynnt efni

⁷⁵ Lög um leikskóla nr.90/2008

⁷⁶ Aðalnámskrá leikskóla 2011:34

⁷⁷ Gögn frá leikskólastjóra

⁷⁸ Skólanámskrá Stekkjarás

⁷⁹ Gögn frá leikskólastjóra

⁸⁰ Rýnihópur starfsmanna

⁸¹ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

skólanámskrár og innihald á foreldrafundum. Kaflar séu teknir úr henni og sendir foreldrum og einnig sé hún aðgengileg á heimasíðu og foreldrar hvattir til að skoða hana þar.⁸² Foreldrar, sem rætt var við, sögðust ekki hafa fengið eintak af skólanámskrá en hún sé aðgengileg á heimasíðu leikskólans ef þeir vilji kynna sér innihald hennar. Foreldraráð lesi yfir hana og komi með ábendingar ef einhverjar eru.⁸³

4.2. Tengsl skólastiga

*Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.*⁸⁴

Að sögn leikskólastjóra felast tengsl leik og grunnskóla í samvinnu við þá tvo grunnskóla sem flest börn frá Stekkjarási fara í þ.e. Áslandsskóla og Hraunvallaskóla.⁸⁵ Haldinn er samráðsfundur að hausti. Svipað skipulag er á samstarfi við báða grunnskólana en nálægðin við Áslandsskóla gerir það að verkum að nemendur úr þeim skóla hafa komið oftast í heimsókn en nemendur úr Hraunvallaskóla. Elstu nemendur Stekkjaráss fara í heimsóknir í viðkomandi skóla nokkrum sinnum á skólaárinu. Á vorönn fara þeir í eina formlega heimsókn þar sem þeir fá að sitja tíma, fara á bókasafnið og jafnvel í leikfímistíma. Þeim er svo boðið að koma á þemadaga í grunnskólunum og á morgunstund í Áslandsskóla þegar sex ára bekkur er með hana. Nemendur Áslandsskóla koma í heimsókn og lesa fyrir börnin þegar þeir eru að æfa sig fyrir Stóru upplestrarkeppnina. Einnig hafa nemendur, sem eru í kór Áslandsskóla, komið við á leið sinni á setningu *Bjartra daga* og sungið. Nemendur Hraunvallaskóla hafa ekki komið í Stekkjarás undanfarin ár. Samstarfsfundir eru haldnir með skólaþróunarfulltrúum grunn- og leikskóla ásamt fulltrúum kennara skólanna sem eru með elstu börn leikskólans og yngstu börn grunnskólans til að ræða samstarf. Þessir fundir eru tveir á hvorri önn.⁸⁶

Í skólanámskrá leikskólans er ekki greint frá tengslum leik- og grunnskóla⁸⁷. Að sögn stjórnenda er sátt um samstarf leik- og grunnskólans, það sé þó frekar einsleitt og finnist þeim leikskólinn þurfa að sækja meira á um samstarfið. Á samráðsfundum hjá skólaskrifstofu sé mikil áhersla á hvernig leikskólabörn eru búin undir grunnskólann, ekki sé um eiginlegt samráð að ræða. Þeir benda á að þeir hafi viljað ræða tilgang samstarfsins við grunnskólann en ekki hafi verið vilji til þess. *Virðist enginn áhugi á því að ræða samstarf á samvinnugrundvelli. Samstarf hefur verið á forsendum grunnskólans, t.d. æfa sig í upplestri, söng fyrir einstaka atburði.*⁸⁸

⁸² Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

⁸³ Rýnihópur foreldra

⁸⁴ Lög nr. 90/2008 um leikskóla, 16. gr.

⁸⁵ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

⁸⁶ Gögn frá leikskólastjóra.

⁸⁷ Skólanámskrá Stekkjaráss

⁸⁸ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

4.3. Mat úttektaraðila

- Leikskólinn Stekkjarás hefur skólanámskrá frá árinu 2009 og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans. Allir starfsmenn komu að gerð hennar ásamt því að foreldraráð fékk hana til umsagnar. Í hana vantar kafla um sérfræðiþjónustu og tengsl leik- og grunnskóla.
- Starfshópur innan leikskólans vinnur að endurskoðun á skólanámskrá í samræmi við gildandi lög og aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Einhvers misskilnings gætti við skipun starfshópsins og telja ófaglærðir starfsmenn sig standa fyrir utan þessa vinnu. Leysa þarf úr málum með þessum starfsmönnum með þeim hætti að aðkoma þeirra að vinnu starfshópsins verði skýr. Móta þarf aðgerða- og tímaáætlun og leggja þarf áherslu á samvinnu allra hagsmunaaðila, upplýsa þá og gera grein fyrir aðkomu þeirra að gerð hennar.
- Skólastarfið er að mestu leiti í samræmi við skólanámskrá að mati stjórnenda og starfsmanna en stjórnendur benda á að starfsmannavelta hafi verið há á leikskólanum og það hafi þurft að ýta á eftir starfsmönnum að vinna eftir skólanámskránni. Æskilegt er að gerð sé ríkari krafa til nýrra starfsmanna að þeir kynni sér efni og innihald skólanámskrár þegar þeir hefja störf á leikskólanum og að farið sé yfir hana reglulega t.d. á starfsmannafundum.
- Sátt er um samstarf leik- og grunnskóla en það er þó frekar einsleitt, að mati stjórnenda. Haldnir eru samráðsfundir hjá skólaskrifstofu en að sögn stjórnenda er mikil áhersla á hvernig leikskólabörn eru búin undir grunnskólann, ekki sé um eiginlegt samráð að ræða. Úttektaraðilar telja æskilegt að innihald sameiginlegra samráðsfunda verði skoðað nánar og sé meira á samvinnugrundvelli þ.e. á forsendum bæði leik- og grunnskólans.

5. MANNAUÐUR

Sveitarstjórn eða annar rekstraraðili tekur ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins í samráði við leikskólastjóra. Ákvörðunin skal byggjast á mati og tillögum leikskólastjóra og miðast við aldur, þarfir og fjölda barna⁸⁹.

Við leikskólann starfa alls 49 einstaklingar, 98% konur og 2% karlar, í 45,22 stöðugildum. Stjórnendur eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og átta deildarstjórar. Stjórnendur deila með sér 11 stöðugildum. Að auki er starfandi fjórir leikskólakennarar, 26 leiðbeinendur, þrír þroskaþjálfar, einn starfsmaður skrifstofu og fjórir starfsmenn í eldhúsi. Þessir starfsmenn deila með sér 34,22 stöðugildum, þar af 5,6 vegna sérkennslu. Meðal starfsaldur leikskólakennara er 4.5 ár. Starfsmannavelta frá október 2011 til október 2012 var 42%. Samkvæmt leikskólastjóra þá liggur starfsmannavelta í c.a. 20% stöðum (10 - 12 stöðugildi) en þar sé almennt ráðið inn ungt fólk sem lokið hefur menntaskóla en fer svo í frekara nám einu til tveimur árum seinna. Einnig að ákveðnar stöður séu að losna oftast en einu sinni á ársgrundvelli.⁹⁰ Ástæða hárrar starfsmannaveltu, skv. starfsmönnum, er álag, starfsmenn að hætta vegna áframhaldandi skólagöngu, lág laun og að nýju starfsfólki sé „hent út í djúpu laugina“⁹¹ Menntun starfsfólks umfram grunnskólapróf má sjá í töflu 1.

Tafla 1. Menntun starfsfólks.⁹²

Menntun	Fjöldi
Leikskólakennari með diploma	4
Leikskólakennari	9
Stúdentspróf	13
Önnur fagmenntun (önnur kennaramenntun og þroskaþjálfari)	5

Leikskólinn hefur ekki starfsmannastefnu en framfylgir mannauðsstefnu Hafnarfjarðarbæjar, að sögn leikskólastjóra. Meginmarkmið stefnunnar er að hjá bænum starfi fólk sem geti veitt bestu þjónustu sem völ er á af þekkingu, ábyrgð og metnaði. Því markmiði á að ná m.a. með því að efla þekkingu og færni starfsmanna, tryggja þróun fagþekkingar, þjónustulundar og verkunnáttu á vinnustöðum og með því að skapa starfsumhverfi þar sem starfsfólk skynjar að störf þeirra séu metin að verðleikum ásamt því að starfsfólk hafi tækifæri til að hámarka árangur sinn í starfi. Ennfremur eru settar fram leiðir til þess að ná þessum markmiðum s.s. að öll störf séu auglýst, upptaka starfslokaviðtala, starfsmannasamtöl, stjórnendafræðsla, notkun starfsmannahandbóka o.fl.⁹³

Leikskólinn hefur útbúið starfsmannahandbók fyrir starfsmenn sína. Þar koma fram ýmsar upplýsingar varðandi starfsemi skólans s.s. stefnur og árherslur skólans,

⁸⁹ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

⁹⁰ Gögn frá leikskólastjóra

⁹¹ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

⁹² Listi yfir starfsmenn og menntun þeirra; Gögn frá leikskólastjóra

⁹³ Mannauðsstefna Hafnarfjarðarbæjar af heimasíðu sveitarfélagsins

kort af húsnæði, upplýsingar um fundi og upplýsingamiðlun, þagnarskyldu, viðbragðsáætlanir, verkferla o.fl. Ennfremur kemur þar fram hvernig móttöku nýrra starfsmanna skuli háttað.⁹⁴ Starfsmannahandbók er aðgengileg á kaffistofu og á sameiginlegu drifi, skv. starfsmönnum. Að þeirra sögn hefur handbókin ekki verið kynnt þeim en þeim bent á að lesa hana.⁹⁵ Skv. stjórnendum er starfsmannahandbókin enn í drögum og hugsanlega megi skerpa á efni hennar.⁹⁶ Starfsmannasamtöl fara fram árlega að vori. Að sögn leikskólastjóra skipta hann og aðstoðarleikskólastjóri viðtölum á milli sín til helminga, en almennt sé það leikskólastjóri sem ræði við aðra stjórnendur. Leikskólinn fylgir stöðluðu viðtalsformi við framkvæmd starfsmannasamtala.⁹⁷ Upplýsingum er komið á framfæri við starfsmenn á fundum, í fundargerðum, fundargerðadagbók deilda, á heimasíðu leikskólans, heimasíðu sveitarfélagsins, upplýsingatöflu, tímaritarekka og dagbók deilda.⁹⁸

5.1. Fjarvistir starfsmanna

Leikskólinn hefur sett sér sérstaka fjarvistarstefnu og kom allt starfsfólk að gerð hennar. Markmið stefnunnar er að auka vellíðan í starfi ásamt því að minnka fjarvistir og álag. Í stefnunni er m.a. greint frá hvernig starfsmanni ber að tilkynna forföll, skráning og yfirferð á fjarvistum starfsmanna.⁹⁹ Misjafnt viðhorf kom fram meðal starfsmanna um hvort allir starfsmenn hefðu komið að gerð fjarvistarstefnu skólans. Ennfremur kom fram að misjafnt væri hvort farið væri eftir stefnunni eða ekki.¹⁰⁰ Tafla 2 sýnir fjarvistir starfsmanna Stekkjaráss frá 1. janúar til 22. nóvember 2012 borið saman við meðaltal í könnun Parx árið 2007 en nýrri tölur af íslenskum vinnumarkaði liggja ekki fyrir. Fjarvistartölur byggja á skráningum skólans sem úttektaraðilar fengu afrit af.

Tafla 2. Fjarvistir starfsmanna í samanburði við könnun ParX 2007.

	Meðaltal ParX 2007	Stekkarás jan – nóv 2012*	Stekkarás 2012**
Fjarvistardagar á starfsmann á ári	10.9	20.48	24.45
Fjarvistarhlutfall	4.40%	7.9%	9.4%
Veikindi barna (dagar pr. starfsmann)		3.92	4.68
Hlutfall veikinda barna af heildarfjarvistum	5 - 6.2%	19.1%	19.1%

* Fjarvistartölur frá 1. janúar til 22. nóvember 2012

**Par sem fjarvistartölur ná aðeins til 22. nóvember er áætlað að fjarvistir séu stöðugar út árið. Fjarvistarstundir voru margfaldaðar með 1.194 þar sem þær áttu aðeins við 80.6% af árinu.

⁹⁴ Starfsmannahandbók Stekkjaráss

⁹⁵ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

⁹⁶ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

⁹⁷ Gögn frá leikskólastjóra

⁹⁸ Starfsmannahandbók Stekkjaráss

⁹⁹ Starfsmannahandbók Stekkjaráss

¹⁰⁰ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

5.2. Móttaka nýliða

Við móttöku á nýju starfsfólki er stuðst við tímaás sem segir til um hvað nýr starfsmaður á að hafa gert og hvað á að fara yfir með honum fyrstu þrjá mánuðina í starfi.¹⁰¹ Ennfremur hefur leikskólinn útbúið bækling fyrir nýja starfsmenn þar sem m.a. er fjallað um meginmarkmið leikskólastarfs, skipurit, stefnu skólans, fundi, fræðslu, samskipti við foreldra o.fl.¹⁰² Að sögn stjórnenda og starfsmanna er móttöku og faglegum stuðningi nýrra starfsmanna nú háttað á þann veg að þeim sé *hent út í djúpu laugina, stundum með kút en ekki alltaf*. Að þeirra sögn eru skýrir verkferlar um móttöku nýliða en í daglegu amstri hafi notkun þeirra farist fyrir vegna tímaleysis og undirmönnunar, *starfsmaður mætir og hann þarf að vera fullgildur starfsmaður strax*. Algengt sé að starfsfólk vinni ekki uppsagnarfrest sem verður til þess að leikskólinn er undirmannaður þar til nýr starfsmaður er ráðinn.¹⁰³ Mismunandi skoðanir komu fram meðal starfsmanna um hvernig móttöku og faglegum stuðningi við nýliða er háttað og að það væri misjafnt eftir deildum. Flestir þeirra, sem rætt var við, höfðu ekki séð móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.¹⁰⁴

5.3. Sí- og endurmenntun

Símenntunaráætlun er til fyrir árið 2012, misjafnt var hvort starfsmenn, sem rætt var við, höfðu vitneskju um símenntunaráætlunina.¹⁰⁵ Í áætluninni er greint frá helstu áherslum og markmiðum með símenntun á árinu ásamt því hvaða símenntun muni fara fram, fyrir hvaða starfsmenn hún sé, markmið með henni, hver beri ábyrgð og það tímabil sem hún mun fara fram á. Í áætluninni ber helst á símenntun á starfsmannafundum og skipulagsdögum.¹⁰⁶ Framboð á símenntun er nægilegt að mati deildarstjóra og kennara, þó benda þeir á að dregið hafi úr framboði, á vegum sveitarfélagsins, í kjölfar efnahagshrunsins. Fram kom að það helsta sem hamli þeim í að sækja sér sí- eða endurmenntun sé mönnun inni á leikskólanum. En að þeirra sögn ræðst það oft samdægurs hvort þeir fái leyfi til að sækja námskeið vegna þess hve mikil óvissa er um mönnun.¹⁰⁷ Almennir starfsmenn benda á að þörf sé á endurnýjun í framboði á sí- og endurmenntun, en sömu námskeið séu í boði ár eftir ár. Ennfremur hafi sveitarfélagið dregið til baka fjárhagslegan stuðning vegna náms á leikskólabrú og þá launahækkun sem starfsmenn áttu að fá við lok námsins þar sem staða sérhæfðs leiðbeinanda hafi verið lögð niður.¹⁰⁸ Að sögn deildarstjóra og kennara koma þeir skoðunum sínum er varða sí- og endurmenntun á framfæri til stjórnenda sem koma upplýsingunum áfram til

¹⁰¹ Gögn frá leikskólastjóra

¹⁰² Bæklingur til nýrra starfsmanna

¹⁰³ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹⁰⁴ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

¹⁰⁵ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

¹⁰⁶ Símenntunaráætlun 2012

¹⁰⁷ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum

¹⁰⁸ Rýnihópur starfsmanna

þróunarfulltrúa bæjarins.¹⁰⁹ Að sögn almennra starfsmanna hafa þeir engin áhrif á framboð sí- og endurmenntunar.¹¹⁰

5.4. Fundir og boðskipti

Starfsmannafundir eru haldnir mánaðarlega yfir skólaárið, að frátöldu lokun leikskólans að sumri til og er skyldumæting á þá. Þar er m.a. farið yfir starfsreglur, atriði sem má betrumbæta s.s. umgegni, skipulagningu „hitting“ starfsmanna utan vinnu, áherslur skólans, kynning á nýjum starfsmönnum o.fl.¹¹¹ Deildarstjórafundir eru einu sinni í viku. Fundina sitja allir deildarstjórar, deildarstjóri eldhúss, sérkennslustjóri, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Dagskrá fundar er misjöfn en fundarmenn setja málefni á dagskrá eftir þörfum.¹¹²

Hver deild heldur deildarfund aðra hvora viku. Á deildarfundum er stöðvavinna næsta hálfan mánuðinn skipulögð og rætt um aðkallandi málefni er varða börn, starfsemina eða skipulag. Ennfremur eru klukkustundar langir deildarfundir einu sinni í mánuði á starfsmannafundum.¹¹³ Annan hvern mánudag er stöðvavinnufundur þar sem farið er yfir skráningar síðustu viku og línurnar lagðar fyrir þá næstu. Samráðsfundir stjórnenda og deildarstjóra eru haldnir þegar þörf þykir en þar er farið yfir stöðu deildar og einstaka mál sem kunna að koma upp. Samráðsteymi er starfandi á leikskólanum og fundar það að jafnaði einu sinni í viku og ræða málefni er berast teyminu en þau snúa að velferð barna og starfsfólks. Einnig eru haldnir fræðandi föstudagar þar sem starfsmenn skiptast á að fræða aðra starfsmenn í kaffitíma á föstudögum.¹¹⁴ Skipulagsdagar eru fimm sinnum á ári en þeir eru nýttir í, skv. leikskólastjóra, námskeiðishald, endurmat, skipulagsvinnu, hópefli, námsgagnagerð, endurskoðun skólanámskrár o.fl. Að sögn leikskólastjóra munu skipulagsdagar skólaársins 2012 – 2013 vera nýttir í vinnu við innleiðingu grunnþátta skv. aðalnámskrá 2011.¹¹⁵

Upplýsingum er komið á framfæri við starfsmenn, skv. stjórnendum og starfsmönnum, á morgunfundum, deildarstjórafundum og fundargerðum frá þeim, deildarfundum, starfsmannafundum, upplýsingatöflu og mánaðardagatal.¹¹⁶ Almennir starfsmenn sögðu misjafnt eftir deildum hvernig og hvort upplýsingum sé komið á framfæri við þá.¹¹⁷

¹⁰⁹ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum

¹¹⁰ Rýnihópur starfsmanna

¹¹¹ Fundargerðir starfsmannafunda í febrúar, mars, ágúst og september 2012

¹¹² Starfsmannahandbók Stekkjaráss

¹¹³ Athugasemdir stjórnenda leikskólans við drögum að úttekt á leikskólanum Stekkjarási

¹¹⁴ Starfsmannahandbók Stekkjaráss

¹¹⁵ Gögn frá leikskólastjóra

¹¹⁶ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹¹⁷ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

5.5. Mat úttektaraðila

- Hlutfall leikskólakennara við skólann er 26,5%. Stjórnendur og fulltrúar sveitarfélagsins eru hvattir til að leita leiða til að auka hlutfall þeirra sbr. lög.¹¹⁸
- Starfsmannavelta frá október 2011 til október 2012 var 42%. Mikilvægt er að stjórnendur og fulltrúar sveitarfélagsins rýni hvaða ástæður liggi þar að baki svo hægt sé að fyrirbyggja frekari hækkun hennar. Ennfremur að í kjölfarið verði gerð aðgerðaáætlun um að draga úr starfsmannaveltu. Í viðhorfsskönnun meðal starfsmanna kemur fram að 68% eru ánægðir í starfi og 32% stundum ánægð.
- Starfsmannahandbók er í vinnslu og hugsanlega er þörf á að skerpa á innihaldi hennar, að mati stjórnenda. Mikilvægt er að endurskoða handbókina ásamt því að hún verði formlega gefin út og kynnt starfsmönnum.
- Fjarvistir starfsmanna eru töluvert yfir meðaltali könnunar ParX frá árinu 2007, eða 9,4%. Frá 1. janúar til 22. nóvember 2012 hefur hver starfsmaður að meðaltali verið frá vinnu 20,48 daga. Ef áætlað er til ársloka 2012 þá mun hver starfsmaður að meðaltali hafa verið frá vinnu 24,45 daga. Ennfremur er hátt hlutfall veikindadaga vegna barna eða 19,1%. Mikilvægt er að stjórnendur og fulltrúar sveitarfélagsins rýni hvaða ástæður liggi þar að baki. Ennfremur að sett verði upp aðgerðaáætlun í kjölfarið til þess að sporna við fjarvistum. Leikskólinn hefur fjarvistarstefnu. Fram kom meðal starfsmanna að ekki væru samræmd vinnubrögð í tengslum við framkvæmd stefnunnar. Stjórnendur þurfa að sjá til þess að allar deildir starfi eftir stefnunni og að vinnubrögð séu samræmd.
- Leikskólinn hefur móttökuáætlun og kynningarbækling fyrir nýja starfsmenn. Þau verkfæri hafa ekki verið nýtt sökum undirmönnunar og tímaleysis, að sögn stjórnenda. Mikilvægt er að þeir verkferlar og það efni sem leikskólinn hefur yfir að búa sé nýtt við nýliðun. Með því er líklegra að starfsmaður haldist í starfi og komist fyrr inn í starf sitt en ella.
- Skólinn hefur símenntunaráætlun. Misjafnt var hvort starfsmenn voru meðvitaðir um tilvist hennar. Hvetja úttektaraðilar stjórnendur til þess að kynna áætlunina fyrir starfsmönnum.
- Fram kom meðal almennra starfsmanna að þeir hefðu engin áhrif á framboð á sí- og endurmenntun og að það sé ávallt það sama í boði ár eftir ár. Mikilvægt er að fulltrúar sveitarfélagsins og stjórnendur leikskólans komi á samráði við starfsmenn leikskólans um framboð á endurmenntun, greini betur þarfir fyrir fræðslu og tryggi jafnframt afleysingu þannig að starfsmenn geti sinnt nauðsynlegri símenntun.
- Fundir eru í góðu horfi. Misjafnar skoðanir komu fram meðal starfsmanna á boðskiptum. Mikilvægt er að samræmt verði milli deilda hvernig upplýsingum sé komið til starfsmanna.

¹¹⁸ Lög um menntun og ráðningu kennara og stjórnenda leikskóla 2008, 9. gr.

6. UPPELDI, MENNTUN OG UMÖNNUN

6.1. Nemendur

Ákvörðun um fjölda barna skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu¹¹⁹.

Við skólann stunda alls 182 börn nám, 93 drengir og 87 stúlkur. Börnin eru á aldrinum tveggja til fimm ára (árgangar 2007 - 2010). Flest börn eru fædd árið 2010 en fæst árið 2007. Meðalfjöldi barna í hópi er um 20 börn eða fjöldi barna á deild. Samkvæmt leikskólastjóra þá er nemendum ekki skipt í hópa heldur ráðist hópastærð af vali þeirra á verkefni.¹²⁰ Í töflu 2 og 3 má sjá skiptingu barna eftir deildum og árgangi ásamt fjölda nemenda eftir dvalartíma.

Tafla 2. Skipting barna eftir deild og árgangi.

	Álfheimar	Blásteinn	Fífa	Glaðheimar	Krummakot	Sólgarður	Stekkur	Þúfa	Samtals
Fjöldi barna	20	24	24	24	20	24	23	24	182
2010	20	6	0	5	20	4	3	2	60
2009	0	6	7	8	0	8	8	8	45
2008	0	7	9	5	0	8	9	7	45
2007	0	5	8	6	0	4	3	7	32

Tafla 3. Fjöldi barna eftir dvalartíma.

Dvalartími	3-5 klst.	5-7 klst.	7 - 9 klst.	Samtals
Fjöldi barna	0	4	178	182

6.2. Daglegt starf leikskólans

Daglegur opnunartími leikskólans er frá 7:30 – 17:00 alla daga. Dagskipulagið markast af föstum athöfnum sem lúta að matmálstímum, hvíld, hreinlæti og samverustundum. Samkvæmt leikskólastjóra er reynt að hafa dagskipulagið sem mest flæðandi á leikskólanum, t.d. stendur stöðvavinna eins lengi og börnin hafa áhuga á að vinna í henni.¹²¹ Dagskipulag leikskólans er ekki aðgengilegt á heimasíðu hans en þar er að finna skóladagatal. Rætt er um dagskipulag og breytingar á því á deildarfundum og starfsmannafundum að sögn deildarstjóra og starfsmanna¹²² Að endurmati koma starfsmenn deildanna og stjórnendur. Að sögn deildarstjóra og starfsmanna er frjálsræði inni á hverri deild með hvernig dagskipulagið er byggt upp en þó séu fastir punktar. Við

¹¹⁹ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009

¹²⁰ Gögn frá leikskólastjóra

¹²¹ Gögn frá leikskólastjóra

¹²² Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

höfum eytt tíma í að rökræða dagskipulagið, hvort við viljum breytingar. Verið að aðlag út frá mönnun og kröfum.¹²³

Aðlögun barna er einstaklingsbundin. Þegar barn hefur fengið inngöngu í skólann er foreldrum boðið upp á að fyrsta heimsókn fari fram á heimili barnsins í þeim tilgangi að kennarar fái tækifæri á að sjá barnið í sínu daglega umhverfi og fái að kynnst heimili þess. Ennfremur er heimsóknin nýtt til að afhenda foreldrum gögn og taka mynd af barninu fyrir fataklefa. Aðlögun tekur við í kjölfarið og er almennt gert ráð fyrir að hún taki um viku. Kennari útbýr, í samvinnu við foreldra, drög að aðlögunarferlinu. Ennfremur er haldinn kynningarfundur að hausti fyrir foreldra barna sem eru að hefja leikskólagöngu, en þar er starfsemi skólans og húsnæði kynnt.¹²⁴ Að sögn stjórnenda og starfsmanna eru verkferlar vegna aðlögunar skriflegir og skýrir.¹²⁵ Starfsmenn benda þó á deildarstjórar taki aðlögun oft að sér og þeir nái því ekki að tengjast barninu nægilega vel og það festi sig við deildarstjóran að aðlögun lokinni. Þetta sé þó misjafnt eftir deildum.¹²⁶ Foreldrar, sem rætt var við, sögðust mjög sáttir við hvernig aðlögun barna þeirra er háttað, þetta sé frekar nákvæmt.¹²⁷

Leikskólinn hefur ekki sett sér skrifleg námsmarkmið. Að sögn stjórnenda eru börnin í leik alla daga, stundum stýrðum og stundum frjálsum leik. Að þeirra sögn er það hlutverk kennarans að grípa þau námstækifæri sem koma upp á hverjum degi og ögra hverjum nemanda á hans þroskastigi. Þeir benda á að unnið sé með aldursblöndun á leikskólanum og að þeir hafi trú á að það sé góð leið til að mæta börnum og að þau læri að hjálpa hvert öðru.¹²⁸ Að sögn deildarstjóra er áhersla á að hlusta á hugmyndir barnanna og hvetja þau til að átta sig á hlutum. *Við styðjum við þau en gefum þeim ekki lausnina. Þeim er gefið tækifæri til að koma með lausnina sjálf.*¹²⁹ Að þeirra sögn eru ýmis markmið og leiðir í skólanámskrá um hvernig einstaklinga leikskólinn vill útskrifa.¹³⁰ Að sögn stjórnenda og foreldra ríkir sátt um fyrirkomulag starfsins.¹³¹

6.3. Leikur og nám

Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólasterfsins. Leikur er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur..... Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.... Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt¹³².

Leikskólinn starfar eftir uppeldissýn Reggio Emilia og hugmyndafræði tengdri stöðvavinnu. Í daglegu starfi er lögð er áhersla á leikinn sem aðalnámsleið barnanna. Í

¹²³ Fundur með deildarstjórum

¹²⁴ Skólanámskrá Stekkjaráss

¹²⁵ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra; Rýnihópur starfsmanna

¹²⁶ Rýnihópur starfsmanna

¹²⁷ Rýnihópur foreldra

¹²⁸ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹²⁹ Fundur með deildarstjórum

¹³⁰ Fundur með deildarstjórum

¹³¹ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra; Rýnihópur foreldra

¹³² Aðalnámskrá leikskóla 2011: 26

stöðvavinnu er hvortveggja frjáls leikur og stýrður leikur en að öllu jöfnu er frjálsi leikurinn hafður sem mestur. Unnið er í blönduðum námsstöðvum sem settar eru upp út frá hugmyndum og áhugasviði barnanna. Stöðvavinna er allt að þrisvar í viku og útinám einu sinni í viku á eldri deildunum sex. Á yngstu deildunum tveimur er ekki unnið í stöðvavinnu fyrst á haustin á meðan þau eru að aðlagast en byrjað er á henni þegar líður á veturinn. Ekki er unnið með sérstaka hópa. Elstu börnin eru saman í kór einu sinni í viku og taka þátt í ákveðnum verkefnum. Frjálsi leikurinn hefur mikið vægi og börnin eru í stöðvavinnu svo lengi sem þau hafa áhuga á því sem þar fer fram.¹³³

ReMida er miðstöð þar sem endurnýtanlegur efniviður er flokkaður og nýttur á ný. Starfsmenn miðstöðvarinnar taka á móti efniviði frá ýmsum fyrirtækjum, foreldrum og starfsmönnum. Hann er svo flokkaður eftir því sem rými og aðstæður leyfa, að sögn stjórnenda.¹³⁴ Vörurnar og hlutirnir, sem safnað er saman, þurfa að vera hreinir og eiturefnalausir. Í ReMida fá gamlir hlutir tækifæri á „nýju lífi og nýju hlutverki”.¹³⁵ Að sögn leikskólastjóra er barnahópurinn aldursblandaður á deildum og er þar átt við að barnahópurinn sé samsettur úr fleiri en einum árgangi. tilgangurinn með slíkri hópsamsetningu er fyrst og fremst að skapa börnum á mismunandi aldri námstækifæri sem annars myndu ekki skapast í aldurshreinum hópum.¹³⁶

Í dagskipulagi deilda er vægi leiksins allt frá 6 klst upp í 7 klst af dagskipulagi leikskólans. Að sögn stjórnenda er leikurinn allsráðandi og nám barnanna fari fram í gegnum leikinn.¹³⁷ Vægi leiksins er nægilegt að mati foreldra og starfsmanna. *Við erum oft aðeins seinar með matinn því ef þau eru í góðum leik gefum við þeim 10 mínútur í viðbót.*¹³⁸ Áhrif barna á vægi leiksins eru mjög mikil að mati stjórnenda og starfsfólks. *Þau stjórna þessu nánast alfarið. Einungis fastir liðir eins og matmálstímar stöðva leikinn.*¹³⁹ Að sögn barnanna mega þau alltaf leika sér. *Já við megum alltaf leika, við megum nota stólana en það má ekki standa á skólanum. Það má ekki leika í brekkunni, bara renna með skíði þegar það er kominn snjór inni í húsinu.*¹⁴⁰

6.4. Leikefni og efniviður

Efniviður leikskóla á að vera margbreytilegur og höfða til ólíkra barna á ólíkum aldri.....Leikefni þarf að vera hvetjandi og höfða til mismunandi skynjunar og örva börnin til rannsókna og kannana¹⁴¹.

Á Stekkjarási hefur nær eingöngu verið unnið með opinn efnivið. Með opnum efniviði er átt við leikefni sem ekki felur í sér fyrirframgefnar lausnir heldur höfðar til sköpunarkrafts og leikgleði sem heldur öllum möguleikum opnum. Lokaður efniviður felur í sér fyrirframgefnar lausnir s.s. púsluspil, bíla o.fl. Á leikskólanum er mikið unnið

¹³³ Gögn frá leikskólastjóra

¹³⁴ Áthugasemdir stjórnenda leikskólans við drög að úttekt á leikskólanum Stekkjarás

¹³⁵ Skólanámskrá Stekkjarás

¹³⁶ Gögn frá leikskólastjóra

¹³⁷ Gögn frá leikskólastjóra

¹³⁸ Rýnihópur starfsmanna; Rýnihópur foreldra

¹³⁹ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹⁴⁰ Rýnihópur nemenda

¹⁴¹ Aðalnámskrá leikskóla 2011: 27

með kubba, einingakubba, legókubba og annan efnivið sem ekki gefur fyrirfram hugmyndir um notkun. Verðlaus efniviður er liður í starfsaðferðum leikskólans að þeirra sögn bæði til leiks og sköpunarstarfa.¹⁴² Einnig er unnið með púsl og spil. Leikskólinn hefur fengið gefins ýmis leikföng og eftir umræður var ákveðið að vera ekki með hreina stefnu um leikföng í leikskólanum heldur ræða það innan hvernar deildar hvaða leikföng eru tekin í notkun og hver ekki.¹⁴³ Að sögn stjórnenda hefur starfsfólk á seinni árum verið upptekið af því að ekki sé til nóg. Ýmislegt sé að ganga úr sér t.d. vantar kannski eitt til tvö púsl í púsluspilin. Endurnýjun efniviðs sé ekki nógu mikil.¹⁴⁴ Að sögn deildarstjóra og kennara þá fer val á leikefni og efniviði í dag nokkuð eftir því sem leikskólinn fær gefins. *Við höfum ekkert val, það er ekki til peningur til að kaupa. Á tímabili vantaði leikföng og þá hafa foreldrar verið duglegir að gefa.*¹⁴⁵ Starfsmenn benda á að ReMídan með endurnýtanlega efniviðnum hjálpi mikið til. *Við höfum verið að koma með spil, perlur og blöð. Þegar við erum að perla tökum við mynd af börnunum með perlurnar þar sem ekki má strauja þær.*¹⁴⁶ Foreldrar taka undir að lítið sé keypt af leikefni og efniviði inn á leikskólann vegna skorts á fjármagni. Verið sé að lita á gamla greiðsluseðla og ekki megi strauja perlur þar sem ekki sé hægt að kaupa meira.¹⁴⁷

Áhrif barna á val á leikefni felast fyrst og fremst í því að velja sér leikefni til að leika með á deildunum. Að sögn stjórnenda hafa þau ekki mikil áhrif á val á leikefni nema helst óbein.¹⁴⁸ Deildarstjórar og kennarar benda á að börnin geti valið sér leikefni innan deildanna og einnig megi koma með eitt leikfang að heiman með sér á sumum deildum.¹⁴⁹ Að mati nemenda eru bækurnar og kubbarnir skemmtilegustu leikföngin. Þau telja sig mega ráða með hvaða leikföng þau leiki með á leikskólanum. *Ég má ráða hvað ég leik með. Ég á Batmanbúning hann getur fljúgið. Ég á Bósa ljósár og spiderman, ég á hundrad.*¹⁵⁰

6.5. Líðan nemenda

Að sögn stjórnenda er unnið að góðri líðan nemenda með því að hlúa að hverjum einstaklingi, koma til móts við þarfir hvers og eins, umönnum, gleði og væntumþykju. Að þeirra sögn eru deildarstjórar lykilmenn þegar kemur að líðan nemenda og ber skylda til að athuga að þeim líði vel.¹⁵¹ Deildarstjórar benda á að áhersla sé á að hlusta á nemendur og eiga samstarf við foreldra. *Við reynum að hafa fjölbreytt verkefni sem hæfir öllum. Við byrjum daginn rétt og tökum vel á móti þeim. Sum þurfa hjálp við að komast inn í leikinn. Ef það kemur upp leiði það reynum við að brydda upp á nýjungum s.s. skógarferðum, kór,*

¹⁴² Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹⁴³ Gógn frá leikskólastjóra

¹⁴⁴ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹⁴⁵ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum

¹⁴⁶ Rýnihópur starfsmanna

¹⁴⁷ Rýnihópur foreldra

¹⁴⁸ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹⁴⁹ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum

¹⁵⁰ Rýnihópur nemenda

¹⁵¹ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

*bókasafni o.s.frv.*¹⁵² Ef upp kemur grunur um að nemandi líði illa ræða starfsmenn saman og jafnvel er rætt við sérkennslustjóra og foreldra er þurfa þykir og reynt að finna lausn á vandamálinu að sögn stjórnenda.¹⁵³

Samráðsteymi er á leikskólanum sem skipað er stjórnendum og deildarstjóra viðkomandi deildar. Samráðsteymið kemur að málum sem ekki er hægt að leysa innan deildar og kemur þeim í farveg. Að sögn deildarstjóra er samráðsteymið mjög virkt, þar er velt upp leiðum sem hægt er að fara og farið yfir það hvort ferlið hafi skilað árangri.¹⁵⁴ Að sögn kennara og starfsmanna eru verkferlar skýrir ef upp kemur grunur að barni líði illa en starfsmenn benda á það geti tekið tíma að fá sérkennslustjóra til að koma að málum, dagskrá hennar sé mjög þétt setin.¹⁵⁵ Foreldrar, sem rætt var við, sögðu góða samvinnu við starfsmenn ef eitthvað komi upp á. *Það er rætt við okkur og unnið úr málunum.*¹⁵⁶ Að sögn nemenda, líður þeim vel í leikskólanum. Ef einhverjum líði illa þá eigi að vera góð við hann. *Ef einhver stríðir mér þá segi ég bara hættu. Ég fer aldrei að gráta, ég fer bara í róluna og leik mér og það tekur illuna.*¹⁵⁷ Í foreldrakönnun, sem framkvæmd var af sveitarfélaginu árið 2011, kom fram að um 90% svarenda telja að barni sínu líði almennt mjög eða frekar vel í leikskólanum.¹⁵⁸

6.6. Lýðræði og mannréttindi

Að sögn stjórnenda er starfað eftir aðferðum Reggio Emilia en þar er m.a. lögð áhersla á lýðræðislegan rétt barna. Stöðvavinna er einn af hornsteinum starfsins og tengist beint einkunnarorðum skólans *Hugmyndir barnsins – verkefni dagsins*. Stöðvavinna er starfsaðferð sem veitir tækifæri til lýðræðislegra vinnubragða, samvinnu kennara og barna og skapar svigrúm fyrir einstaklinginn að uppgötva hæfni sína og getu. Lögð er áhersla á flæðandi dagskipulag, og sveigjanleika eftir þörfum og þroska barnanna, verkefnum og í tíma.¹⁵⁹ Áhersla er á að elta áhugasvið og hugmyndir nemenda, í því felist lýðræði. *Stundir eða tími eru sem minnst afmarkaðar fyrir þeim, samræður eru viðurkennandi og skoðanir viðurkenndar og jafnar skoðunum kennara.*¹⁶⁰ Á Stekkjarási er barnahópurinn aldursblandaður á deildum en áhersluatriðið er að hinir yngri geti lært af þeim eldri, samsamað sig þeim og leitað eftir stuðningi þeirra. Hin eldri læri á því að kenna, setja sig í spor annarra og fleiri fá tækifæri til að upplifa sig sem „leiðtoga.“¹⁶¹ Að sögn stjórnenda og starfsmanna eru möguleikar nemenda á að hafa lýðræðisleg áhrif góðir.¹⁶² *Þau eru að fást við verkefni sem eru sprottin frá þeim, við erum samverkamenn*

¹⁵² Fundur með deildarstjórum

¹⁵³ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra; Fundur með deildarstjórum

¹⁵⁴ Fundur með deildarstjórum

¹⁵⁵ Rýnihópur starfsmanna

¹⁵⁶ Rýnihópur foreldra

¹⁵⁷ Rýnihópur nemenda

¹⁵⁸ Foreldrakönnun 2011

¹⁵⁹ Gögn frá leikskólastjóra

¹⁶⁰ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹⁶¹ Gögn frá leikskólastjóra

¹⁶² Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra; Rýnihópur starfsmanna

og erum að læra og forvitnast saman.¹⁶³ Nemendur, sem rætt var við, sögðu að kennararnir stjórnuðu í leikskólanum. *Við stjórnnum í herberginu okkar. Við búum til reglu að klæða sig betur í kalda veðrinu, þá kemur kuldabolinn og bitur okkar.*¹⁶⁴

6.7. Samskipti, agi og hegðun.

Að sögn stjórnenda er samráðsteymi sem starfar á leikskólanum lykilatriði þegar kemur að agamálum. Reynt sé að samræma verkferla en það sé erfitt þar sem starfsmannavelta er mikil. Leikskólinn hefur valið að taka ekki upp SMT sem Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar í samstarfi við félagsþjónustu og heilsugæslu bæjarins hafa tekið upp til að fyrirbyggja alvarlega hegðunarerfiðleika og taka á hegðun barna í gunn- og leikskólum.¹⁶⁵ *Við höfum ekki innleitt SMT þó það séu tilmæli frá bænum að gera það þar sem við erum með svo lágt hlutfall fagmenntaðra starfsmanna og getum ekki fylgt því eftir.*¹⁶⁶ Drög að agastefnu sem sérstök aganefnd setti saman liggja fyrir á leikskólanum en allir starfsmenn fengu tækifæri til að koma með spurningar og gera athugasemdir við hana. Ekki er búið að gefa agastefnuna endanlega út.¹⁶⁷ Í drögum agastefnu Stekkjaráss frá febrúar 2011 segir að tilgangur hennar sé að búa til öruggt skólaumhverfi og lærdómssamfélag þar sem hver og einn fær notið sín.¹⁶⁸ Lögð er áhersla á verkferla fyrir kennara, hvatningu og hrós, grunnreglur og ráð þegar ekki gengur að halda aga. Einnig er þar að finna vangaveltur um málefni innanhúss sem aganefnd leggur til að verði smámramd og endurskoðuð til að auðvelda vinnu með agamál. Að sögn stjórnenda hefur ekki verið unnið eftir agastefnunni nema að hluta. Helstu ástæður séu skortur á menntun og fræðslu meðal starfsmanna um agamál.¹⁶⁹ Að sögn deildarstjóra og kennara þá eru verkferlar ekki samræmdir milli deilda í agamálum. Starfsfólk deildarinnar ræði saman og leitað sé til sérkennslustjóra og jafnvel annarra deildarstjóra eftir ráðgjöf ef þörf er á.¹⁷⁰ Starfsmenn benda á þeir hafi verið að vinna í agastefnunni en vegna starfsmannabreytinga sé mikið af nýju starfsfólki sem ekki hafi séð hana.¹⁷¹ Nemendur voru spurðir út í samskipti og reglur á leikskólanum. Að þeirra sögn má ekki láta hvernig sem er. *Ef einhver kann ekki að stjórna sér þá þarf að setja hann að gera eitthvað annað. Ef allir eru góðir þá má leika í sama. Það má bara einn tala í einu.*¹⁷²

6.8. Þróunarverkefni

Leikskóli verður að vera í stöðugri þróun, fylgja straumum og stefnum á hverjum tíma og auka þekkingu og framfarir í leikskólanum til hagsbóta fyrir skólasamfélagið í heild. Þróunarstarf getur m.a. falist í skipulögðum

¹⁶³ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹⁶⁴ Rýnihópur nemenda

¹⁶⁵ SMT- Skólafærni sótt af heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar

¹⁶⁶ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹⁶⁷ Gögn frá leikskólastjóra

¹⁶⁸ Drög að agastefnu feb 2011

¹⁶⁹ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹⁷⁰ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum

¹⁷¹ Rýnihópur starfsmanna

¹⁷² Rýnihópur nemenda

*verkefnum sem eiga að leiða til nýbreytni, þróunar og umbóta í leikskólastarfinu*¹⁷³.

Haustið 2007 var farið af stað með þróunarverkefni á leikskólanum fyrir ungbarnadeildir 6 – 36 mánaða barna sem starfræktar voru innan hans. Sótt var um verkefnið hjá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og bæjaryfirvöldum. Þróunarverkefnið gekk út á að gera námsumhverfið aðlaðandi og hvetjandi fyrir svo ung börn, þeim yrði fækkað til að þau hefðu nóg pláss þar sem þau eyða miklu af tíma sínum á gólfinu, og starfsfólki fjölgað. Á þessum deildum voru því 16 börn með fjóra starfsmenn. Á yfirstandandi vetri hefur leikskólinn eingöngu tekið inn börn fædd árið 2010 og því liggur verkefnið niðri eins og er.¹⁷⁴ Verið er að innleiða útinám á leikskólanum. Snemma árs 2011 var hafist handa við að undirbúa og skipuleggja útinámið og tók hluti starfsmanna og deilda þátt í því. Haustið 2011 var ákveðið að allar deildir leikskólans myndu fara markvisst í skógarferðir og virðist þetta starf vera að festa sig í sessi¹⁷⁵

Leikskólinn hefur staðið fyrir fræðandi föstudögum. Þá eru haldnir stuttir fundur eða fræðsluerindi fyrir starfsmenn. Stjórnendur segja þá hugsaða sem skólaþróun til að koma upplýsingum og þekkingu til starfsmanna og á milli þeirra.¹⁷⁶ Sótt hefur verið um Comeníusarverkefni á hverju ári en leikskólinn hefur enn ekki verið valinn. Að sögn deildarstjóra er leikskólinn í ferli núna með verkefni vegna útináms sem ekki sé búið að ganga frá.¹⁷⁷ Kennarar og starfsmenn benda á að verið sé að þróa útinámið mjög mikið. Þeim líði vel og hafi mikið frelsi. Það skapi vellíðan að vera úti í náttúrunni og veður virðist ekki hafa mikil áhrif. Að sögn starfsmanna eru þó misjafnar skoðanir á því hvernig þetta gengur, ekki vilji allir starfsmenn taka þátt í 3 – 4 tíma skógarferðum. Verkefnið hafi samt verið vel kynnt og miðlun átt sér stað.¹⁷⁸

6.9. Mat úttektaraðila

- Dagskipulag liggur fyrir og ríkir almenn sátt um það á leikskólanum. Reynt er að hafa það sem mest flæðandi. Það er ekki aðgengilegt á heimasíðu leikskólans en æskilegt er að svo sé að mati úttektaraðila.
- Verkferlar vegna aðlögunar eru skýrir og skriflegir. Starfsmenn benda þó á deildarstjórar taki aðlögun oft að sér og þeir nái því ekki að tengjast barninu nægilega vel og það festi sig við deildarstjóran að aðlögun lokinni. Þetta sé þó misjafnt eftir deildum. Hvatt er til að aðkoma annarra starfsmanna að aðlögun ásamt verkferlum sé skoðað nánar og þeir samræmdir milli deilda.

¹⁷³ Aðalnámskrá 2011:34

¹⁷⁴ Gögn frá leikskólastjóra

¹⁷⁵ Gögn frá leikskólastjóra

¹⁷⁶ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹⁷⁷ Fundur með deildarstjórum

¹⁷⁸ Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

- Ýmis markmið og leiðir eru í skólanámskrá um hvernig einstaklinga leikskólinn vill útskrifa. Hann hefur ekki sett sér skrifleg námsmarkmið með kennslunni og er hann hvattur til að bæta úr því, t.d. við endurskoðun skólanámskrár.
- Almenn sátt virðist ríkja um fyrirkomulag starfsins á leikskólanum.
- Vægi frjálsa leiksins er gott og taka starfsmenn, foreldrar og nemendur undir það.
- Mikið er unnið með endurnýjanlegan efnivið, sbr. ReMida.
- Áhersla er lögð á opinn efnivið í leikskólanum og er mikið unnið með kubba, einingakubba, legókubba og annan efnivið sem ekki gefur fyrirfram hugmyndir um notkun. Ekki er um hreina stefnu varðandi leikföng að ræða heldur er ákveðið innan hverrar deildar hvaða leikföng eru tekin í notkun og hver ekki.
- Að mati starfsmanna og foreldra er endurnýjun efniviðs og leikefnis ekki nógu mikil og fer val á leikefni og efniviði í dag nokkuð eftir því sem leikskólinn fær gefins. Úttektaraðilar telja mikilvægt að leikskólinn og sveitarfélagið skoði nánar þann efnivið sem boðið er uppá í leikskólanum og móti áætlun hvernig bæta megi leikfangakost hans.
- Áhrif nemenda á val á leikefni felast fyrst og fremst í því að velja sér leikefni til að leika með á deildunum. Auka má þátttöku nemenda við val á leikefni en annars eru lýðræðisleg áhrif nemenda töluverð m.a. á val verkefna og lengd leikstunda.
- Verkferlar er til um líðan nemenda en þeir eru ekki skriflegir. Samráðsteymi er á leikskólanum og kemur það að málum sem ekki er hægt að leysa innan deildar og kemur þeim í farveg. Góð samvinna virðist vera við foreldra ef eitthvað kemur upp á. Í foreldrakönnun, sem sveitarfélagið framkvæmdi árið 2011, er spurt um líðan nemenda. Mikilvægt er að slíkar kannanir séu gerðar reglulega.
- Drög að agastefnu liggja fyrir á leikskólanum en ekki er búið að gefa hana endanlega út. Verkferlar eru ekki samræmdir milli deilda í agamálum. Leita þarf leiða til að samræma viðbrögð og verkferla í agamálum á leikskólanum. Gefa þarf út agastefnu leikskólans, koma henni í framkvæmd fyrir allan leikskólann og kynna hana hagsmunaaðilum.
- Leikskólinn hefur valið að taka ekki upp SMT. Stjórnendur sögðu lágt hlutfall leikskólakennara m.a. vera þar hindrun. Úttektaraðilar velta fyrir sér hver sé ávinningur leikskólans af því að vera með eigin agastefnu þar sem mikill stuðningur og þekking er til staðar hjá sveitarfélaginu á innleiðingu SMT.
- Skólaþróun er nokkuð mikil á leikskólanum og lýsa úttektaraðilar ánægju með fræðandi föstudaga en þeir eru hugsaðir sem skólaþróun til að koma upplýsingum og þekkingu til starfsmanna og á milli þeirra.

7. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI

Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum.¹⁷⁹ Starfsfólk skal leitast við að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna og vera góð fyrirmynd í hvívetna.¹⁸⁰

Leikskólinn hefur ekki skilgreint né skráð þann skólabrag sem ríkir á leikskólanum, skv. stjórnendum.¹⁸¹ Að sögn starfsmanna ríkir góður andi og jákvæðni meðal starfsmanna þrátt fyrir mikið álag og þreytu síðastliðið ár.¹⁸² Skólinn hefur sett sér forvarnar- og lýðheilsuáætlun en markmið hennar er að ná til sem flestra þátta sem geta haft áhrif á heilbriggt líferni barna, þar með talið að koma í veg fyrir einelti, ofbeldi, óheilsusamt líferni og almenna vanlíðan. Áætlunin var gefin út árið 2010 og unnin út frá forvarnarstefnu Hafnarfjarðar ásamt áhersluatriðum Lýðheilsustöðvar. Samkv. áætluninni er unnið að þessu m.a. með foreldraviðtölum, samvinnu við foreldrafélag, fylgst með líðan og aðbúnaði, boðið upp á hollan og góðan mat o.fl.¹⁸³

7.1. Starfsandi og samskipti

Almennt skynja stjórnendur starfsandann sem góðan en telja þó að kjaraskerðing og aukið álag vegna undirmönnunar hafi haft sýn áhrif.¹⁸⁴ Þessu eru starfsmenn sammála og segja að góður og jákvæður starfsandi sé við skólann en það séu ytri þættir sem dragi þar úr sem þeir ráði ekki við.¹⁸⁵ Í könnun meðal starfsmanna árið 2012 kom fram að 68% svarenda telja sig vera ánægða í starfi (32% stundum), 71% að þeir fái stuðning frá samstarfsmönnum (27% stundum og 2% aldrei) og 50% að þeir taki þátt í að móta starf skólans (34% stundum og 16% sjaldan). Svarhlutfallið í könnuninni var 90%.¹⁸⁶ Lagðar hafa verið fyrir elsta árgang leikskólans kannanir og þeir fengnir í rýnihópa til þess að kanna ánægju, að sögn stjórnenda. Misjafnar niðurstöður hafa fengist m.a. vegna orðanotkunar í spurningum í samanburði við hvað er sagt inni á deildum (ráða eða velja).¹⁸⁷

Til þess að byggja upp jákvæðan skólabrag og stuðla að vellíðan barna og fullorðinna er, að sögn stjórnenda, lögð áhersla á upplýsingaflæði, að stuðla að jákvæðni, starfsmannafélag, viðburði s.s. árshátíð, jólagleði og vorhátíð og deildahittinga. Þá er áhersla á samstarf við foreldrafélag, samsöng, að bera virðingu fyrir hvert öðru og stuðla að því að börn og starfsmenn séu samverkamenn.¹⁸⁸ Að sögn starfsmanna er m.a. stuðlað að jákvæðum skólabrag og vellíðan með uppákomum, búningadögum, náttfatadögum,

¹⁷⁹ Aðalnámskrá leikskóla 2011: 15

¹⁸⁰ Aðalnámskrá leikskóla 2011: 22

¹⁸¹ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹⁸² Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

¹⁸³ Forvarnar- og lýðheilsuáætlun Stekkjaráss

¹⁸⁴ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹⁸⁵ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

¹⁸⁶ Starfsmannakönnun 2012

¹⁸⁷ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

¹⁸⁸ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

bangsadögum, sumarhátíð, vinavíku, jólagleði, jákvæðu viðhorfi, vera fyrirmyndir, segja brandara, kökuhlaðborði og leyfa einstaklingnum að njóta sín.¹⁸⁹ Skv. stjórnendum eru samskipti innan leikskólans flóra þar sem þar starfi um 50 manns á aldrinum 20-68 ára. Unnið sé að því að efla samskipti með áherslu á samvinnu milli deilda.¹⁹⁰ Þeir foreldrar, sem rætt var við, upplifa samskipti sín við leikskólann almennt góð.¹⁹¹

7.2. Jafnrétti

Skólinn hefur ekki sett sér jafnréttisstefnu en starfar eftir jafnréttisáætlun sem var gerð árið 2007 – 2008 skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 og jafnréttisáætlun Hafnarfjarðarbæjar 2004 - 2007. Sú stefna tekur aðeins til starfsmanna líkt og lögin gera ráð fyrir.¹⁹² Samkv. bæjarstjóra hefur jafnréttisstefna bæjarins tvisvar verið endurskoðuð frá því að jafnréttisáætlun Hafnarfjarðarbæjar 2004 – 2007 var gefin út. Ennfremur að hún hafi verið kynnt öllum yfirmönnum bæjarinnis og þeim falin ábyrgð á að kynna hana fyrir starfsfólki sínu.¹⁹³ Að sögn starfsmanna hefur þeim ekki verið kynnt áætlunin.¹⁹⁴ Ekki er skriflegar móttökuáætlanir vegna erlendra barna á leikskólanum. Skv. leikskólastjóra er stuðst við almenna móttökuáætlun nemenda þegar tekið er á móti nemendum af erlendum uppruna en tekið sé tillit til sérstakra þarfa s.s. með túlki.¹⁹⁵ Þetta viðhorf taka deildarstjórar undir.¹⁹⁶

Leikskólinn stuðlar að jafnrétti, að sögn stjórnenda og starfsmanna, með jafnréttisáætlun, hvatningu karla til að sækja um störf á leikskólanum, umræðu um hvernig starfsfólk lítur á kynin, skoðun uppsetningu stöðvavinnu út frá kynjum, tekið sé mark á skoðunum, umræðu inni á deild s.s. um litarhátt og lesið bækur í tengslum við jafnrétti. Þó benda starfsmenn á að ekki séu til neinir verkferlar er þetta varðar og því séu aðferðir og útfærsla breytileg eftir deildum.¹⁹⁷

7.3. Þátttaka og áhrif

Deildarstjórar og kennarar telja þátttöku og áhrif sín nægileg þegar gera á breytingar á því sem viðkemur skólastarfinu.¹⁹⁸ Að sögn almennra starfsmanna hefur þátttaka og áhrif þeirra aukist en misjafnt hvernig það hafi gengið.¹⁹⁹ Börnin telja að þau megi ráða við hvern og með hvað er leikið, sjá kafla 6.6.²⁰⁰ Þeir foreldrar, sem rætt var við, töldu að leikskólinn stuðlaði að auknu aðgengi og þátttöku foreldra í mótun uppeldisstarfs og að

189 Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

190 Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

191 Rýnihópur foreldra

192 Jafnréttisáætlun Stekkjarás

193 Athugasemdir bæjarstjóra við drög að úttekt á leikskólanum Stekkjarási

194 Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

195 Gögn frá leikskólastjóra

196 Fundur með deildarstjórum

197 Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra; Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

198 Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum

199 Rýnihópur starfsmanna

200 Rýnihópur nemenda

tekið sé tillit til athugasemda frá þeim. Þó greina þeir frá að þátttaka í mótun uppeldisstarfs fari að mestu í gegnum foreldraráð.²⁰¹

7.4. Einelti

Skólinn hefur eineltisáætlun sem nær til barna og starfsmanna. Í eineltisáætlun barna kemur m.a. fram skilgreining á einelti, stefnuyfirlýsing leikskólans varðandi einelti, viðbrögð, hlutverk einstaklinga, forvarnir, meðferð eineltismáls og hlutverk samráðsteymis. Í eineltisáætlun starfsmanna er m.a. fjallað um stefnu skólans sem vinnustaðar, skilgreining á einelti, viðbrögð við einelti og meðferð eineltismála.²⁰² Flestum starfsmönnum, sem rætt var við, hafði verið kynnt áætlunin eða þeir sögðust meðvitaðir um hana. Foreldrum, sem rætt var við, hafði ekki verið kynnt áætlunin en formaður foreldrafélagsins og formaður foreldraráðs höfðu fengið kynningu. Ekki hafa verið gerðar formlegar kannanir á viðhorfi og líðan nemenda að sögn leikskólastjóra.²⁰³

Til þess að kanna líðan nemenda er fylgst með hegðun, hlustað og hlerað, samræður, sögn, leiki o.fl. að sögn deildarstjóra. Einnig kom fram að þeir teldu sig *þekkja börnin svo vel að maður sér hegðunina breytast*.²⁰⁴ Ef upp komi grunur um vanlíðan eða einelti sé það rætt á deildarfundum og það sé á ábyrgð deildarstjóra að koma málinu áfram til viðeigandi aðila s.s. stjórnenda/sérkennslustjóra eftir því sem við á.²⁰⁵ Að sögn stjórnenda hefur komið upp eineltismál meðal starfsmanna en það hafi ekki farið í formlegt ferli þar sem þolandi vildi það ekki. Þó benda þeir á að unnið hafi verið með atvikið þó svo að sú vinna hafi ekki verið í formlegu ferli.²⁰⁶ Starfsmenn töldu sig ekki hafa orðið vara við einelti meðal starfsmanna. Þó var minnst á að upp hefði komið baktal á kaffistofu en það hefði verið tekið fyrir jafnóðum. Skv. starfsmönnum þá hefur stríðni komið fram meðal barnanna en ekki einelti. Tekið hafi verið á stríðninni áður en hún þróaðist út í eitthvað alvarlegra s.s. einelti.²⁰⁷ Þegar starfsmenn voru spurðir um hvort sátt ríkti um hvernig leikskólinn tæki á eineltismálum sögðust flestir ekki geta svarað spurningunni þar sem ekki hefði á það reynt.²⁰⁸ Foreldrar, sem rætt var við, töldu að hingað til hefði almennt verið ríkjandi sátt um hvernig leikskólinn tæki á þessum málum.²⁰⁹

7.5. Mat úttektaraðila

- Í viðhorfskönnun meðal starfsmanna árið 2012 kom fram að 68% svarenda taldi sig vera ánægðan í starfi og 32% stundum. Þessar niðurstöður gefa til kynna að skoða þurfi vandlega starfsanda og starfsánægju. Mikið álag er á starfsmönnum vegna manneklu og veikinda.. Þó taka starfsmenn fram að góður starfsandi og skólabragur

²⁰¹ Rýnihópur foreldra

²⁰² Eineltisáætlun Stekkjaráss af heimasíðu skólans

²⁰³ Gögn frá leikskólastjóra

²⁰⁴ Fundur með deildarstjórum

²⁰⁵ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

²⁰⁶ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

²⁰⁷ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

²⁰⁸ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

²⁰⁹ Rýnihópur foreldra

ríki meðal starfsmanna s.s. á kaffistofu og á viðburðum utan skólans. Ennfremur kom fram mikil neikvæðni í garð sveitarfélagsins Mikilvægt er að stjórnendur og fulltrúar sveitarfélagsins vinni í sameiningu að því að minnka álag og bæta viðhorf starfsmanna til sveitarfélagsins.

- Leikskólinn vinnur nú að því að efla samskipti meðal starfsmanna með áherslu á samvinnu milli deilda. Úttektaraðilar hvetja stjórnendur til þess að halda áfram þeirri vinnu ásamt því að auka samræmingu á milli deilda.
- Foreldrar í rýnihópi sögðust upplifa samskipti sín við leikskólann almennt góð.
- Stuðlað er að jafnrétti á ýmsa vegu innan leikskólans. Ekki eru til verkferlar um það og eru því aðferðir og útfærsla breytileg eftir deildum. Fram kom meðal starfsmanna að þeim hefði ekki verið kynnt jafnréttisáætlun leikskólans. Hvetja úttektaraðilar stjórnendur til þess að samræma aðferðir starfsmanna í tengslum við jafnrétti. Jafnréttisáætlun þarf að endurskoða út frá lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 2008²¹⁰.
- Leikskólinn hefur ekki sérstaka móttökuáætlun vegna barna af erlendum uppruna en stuðst sé við almenna móttökuáætlun ásamt því að tekið sé tillit til sérstakra þarfa.
- Misjafnar skoðanir komu fram meðal starfsmanna varðandi þátttöku og áhrif þeirra þegar gera á breytingar á því sem viðkemur skólastarfinu. Deildarstjórar og kennarar töldu þátttöku sína og áhrif nægilega. Mikilvægt er að stjórnendur geri öllum starfsmönnum kleift að koma að breytingum á skólastarfi og aðkoma þeirra sé með samræmdum hætti.
- Leikskólinn hefur sett sér eineltisáætlun sem nær bæði til starfsmanna og barna og er hún aðgengileg á heimasíðu leikskólans. Eineltismál hefur komið upp á meðal starfsmanna en ekki barna. Flestir starfsmenn sem rætt var við sögðu að þeim hefði verið kynnt áætlunin eða að þeir væru meðvitaðir um hana. Svo virðist sem almennir foreldrar séu ekki nægilega upplýstir um áætlunina. Hvetja úttektaraðilar stjórnendur til þess að auka vitund um einelti meðal hagsmunaaðila.
- Ekki hafa verið gerðar kannanir á viðhorfi og líðan allra nemenda. Mikilvægt er að bæta úr því.

²¹⁰ Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 10/2008.

8. LEIÐARLJÓS, GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR OG NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA

Grunnþættir menntunar eiga að vera leiðarljós við námskrárgerð. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun²¹¹. Námsvið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi sköpun og menning²¹².

Að sögn stjórnenda er leikskólinn á byrjunarstigum við að laga skólastarf að nýrri aðalnámskrá leikskóla. Síðastliðinn vetur var unnið í hópum á starfsdögum og starfsmannafundum og hugstormað um grunnþætti í nýrri aðalnámskrá leikskóla. Þetta var gert í þeim tilgangi að starfsfólk kynntist þessum hugtökum og mynduðu sér sameiginlegan skilning á þeim. Skólaárið 2012 – 2013 er gert ráð fyrir að fimm skipulagsdagar verði teknir undir umræður um grunnþættina, einn þáttur á hverjum degi. Auk þessarar fimm skipulagsdaga var einn aukadagur settur á haustið 2012 fyrir vinnu að skólanámskrárgerð sem miðar að því að aðlagast grunnþáttunum. Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar er með kynningu á hverjum grunnþætti á sameiginlegum fundi allra starfsmanna á leikskólum bæjarins á skipulagsdögunum og mun leikskólinn nýta sér þessa fundi og halda svo áfram að vinna í þeim þætti sem tekin er fyrir hverju sinni í skólunum.²¹³ Stjórnendur segja stjórnendateymi leikskólans þurfa að ákveða hvernig eigi að vinna þetta í framhaldinu s.s. *Hvar á að láta kröfurnar liggja? Hvaða ábyrgð á fagfólk að bera og hvaða kröfur er hægt að gera til ófaglærða starfsmanna?*²¹⁴ Leikskólastjóri segist hafa fylgst með allt frá því að drög að nýrri aðalnámskrá komu fyrst til kynningar og þar til hún var gefin út. Það er mat leikskólastjóra að með vinnu og skoðun á grunnþáttunum sér aðlögun hafin en enn sé langt í land. Skólaárið 2013 til 2014 er áætlun um að aðlögun eða gerð nýrrar skólanámskrár Stekkjaráss verði lokið.²¹⁵

8.1. Samþætt og skapandi skólastarf

Leikskólastarf byggist á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiksins. Við skipulagningu leikskólastarfs skal jafnframt taka mið af leiðarljósum leikskóla, grunnþáttum menntunar og námsviðum leikskóla²¹⁶.

Í skólanámskrá Stekkjaráss kemur fram að hann starfar eftir námsviðum aðalnámskrár leikskóla frá árinu 1999 en þau eru hreyfing, myndsköpun, menning og samfélag, náttúra og umhverfi, málrækt og tónlist. Fyrir hvert námsvið eru tilgreindir helstu áhersluþættir leikskólans og leiðir að þeim.²¹⁷ Starfsaðferðir miða við námsvið gömlu aðalnámskrárinnar, sjá nánar kafla 4 og 6.²¹⁸ Leikskólastjóri leggur áherslu á að samþætting námsviða sé aðalmerki leikskólans og vinna í gegnum leik aðal kennsluáðferðin. Þess vegna sé símat mjög nauðsynlegt fyrir deildarstarfið, að sest sé

²¹¹ Aðalnámskrá leikskóla 2011: 9

²¹² Aðalnámskrá leikskóla 2011: 28

²¹³ Gögn frá leikskólastjóra

²¹⁴ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

²¹⁵ Gögn frá leikskólastjóra

²¹⁶ Aðalnámskrá leikskóla 2011:9

²¹⁷ Skólanámskrá Stekkjaráss 2009

²¹⁸ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

niður og starfið skoðað með reglulegu millibili og metið hvaða námssviðum er vel sinnt og hvar þarf að taka sig á.²¹⁹ Að sögn starfsmanna hefur ekki verið farið yfir nýju námsviðin með nýju fólki. Mjög lítil undirbúningstími sé til staðar sem þýðir að fólk hefur ekki mikinn tíma til að kynna sér þetta.²²⁰

8.1.1. Náms svið leikskóla.

Að sögn stjórnenda er lögð áhersla á hollan mat, hreyfingu, útiveru og vellíðan barna á leikskólanum.²²¹ Þeir benda á að hver deild hafi aðgang að sal hálfan dag í viku og útinám sé vikulega meðal elstu barna leikskólans en þau yngri aðra hverja viku. Ungbarnadeildir fari ekki í skipulagt útinám en fara þess í stað í styttri vettvangsferðir.²²² Að þeirra sögn er það á höndum deildanna að greina og mæta þörfum nemenda í hreyfingu eins og öðru.²²³ Samstarf er við heimilin og reynt er að vinna í sameiningu að því að bæta atlæti barna. Ef viðunandi úrlausnir nást ekki í samvinnu við foreldra er farið með mál lengra s.s. til barnaverndanefndar. Í anda Reggio Emilia er áhersla lögð á sköpun. Skapandi efnisveita er í leikskólanum en það er herbergi sem hefur að geyma efnivið til sköpunar og er það stór hluti af starfsaðferðum að nýta sköpunarkraft barnanna til að vinna að þeim verkefnum sem þau hafa áhuga á.²²⁴ Að sögn deildarstjóra og kennara sakna þeir mikið starfsmanns sem hélt utan um skapandi starfið á leikskólanum en vegna sparnaðar hafi hann verið færður inn á deild. Deildarstjórar benda einnig á að tölvur séu orðnar úr sér gengnar.²²⁵ Þeir segja að lögð sé áhersla á að tengja starfið við nærsamfélagið og þá menningu sem umlykur það. *Við tökum þátt í Björtum dögum, skreytum jólaþorpið, förum í Sívertsen hús, og heimsækjum Hrafnistu og þeir koma í heimsókn á leikskólann.*²²⁶

Unnið er með málörvun í samverustundum og lesið fyrir börnin að minnsta kosti einu sinni á dag. Sérstök áhersla er lögð á málhvetjandi umhverfi og tækifærin gripin til dæmis í stöðvavinnu og í rólegum stundum. Að sögn deildarstjóra og starfsmanna mætti gera betur þegar kemur að tónlist, mikið sé sungið en það mætti vera meiri almenn tónlist. Þó benda þeir á að þetta sé mjög misjafnt milli deilda.²²⁷ Viðurkennandi samskipti og virðing fyrir skoðunum barnanna er eitt af áhersluatriðum í starfi í anda Reggio Emilia.²²⁸ Leikskólastjóri segir starfsmannaskipti og skort á leikskólakennurum hafa dregið úr styrk þeirra á þessu sviði sem og öðrum.²²⁹ Megin markmið leikskólans er að reyna að mæta hverjum og einum einstaklingi þar sem hann er staddur og forðast að setja árgöngum námsmarkmið, sjá nánar kafla 4 og 6. Elstu börnin eru saman í kór einu

219 Gögn frá leikskólastjóra

220 Rýnihópur starfsmanna

221 Gögn frá leikskólastjóra

222 Athugasemdir stjórnenda leikskólans við drög að úttekt á leikskólanum Stekkjarási

223 Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

224 Gögn frá leikskólastjóra

225 Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum

226 Fundur með deildarstjórum

227 Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

228 Gögn frá leikskólastjóra

229 Gögn frá leikskólastjóra

sinni í viku og hafa ákveðin verkefni sem elstu börn s.s. fara saman í ferðir, og syngja fyrir eldri borgara á Hrafnistu.

8.2. Mat úttektaraðila

- Aðlögun nýrrar aðalnámskrár er skammt á veg komin í Stekkjarási og starfsaðferðir miða við námsvið aðalnámskrár 1999. Að sögn starfsmanna hefur ekki verið farið yfir nýju námsviðin með nýju starfsfólki. Skólaárið 2012 – 2013 er gert ráð fyrir að fimm skipulagsdagar verði teknir undir umræður um grunnþættina einn þáttur á hverjum degi. Leikskólinn og sveitarfélagið eru hvött til að setja sér aðgerða- og tímaáætlun vegna þessa með þátttöku allra hagsmunaaðila.
- Vel er staðið að vinnu með námssviðin á leikskólanum. Deildir hafa aðgang að sal hálfan dag í viku og útinám er vikulega meðal elstu barna leikskólans en hálfsmánaðarlega hjá yngri börnum. Ungbarnadeildir fara ekki í skipulagt útinám en fara í styttri vettvangsferðir. Í anda Reggio Emilia er áhersla lögð á sköpun og er skapandi efnisveita í leikskólanum. Gott samstarf er við nærsamfélagið og hugað er að þeirri menningu sem umlykur leikskólann. Unnið er með málörvun í samverustundum og er áhersla lögð á málhvetjandi umhverfi. Að sögn deildarstjóra og starfsmanna mætti gera betur þegar kemur að tónlist, mikið sé sungið en það mætti vera meiri almenn tónlist og er hvatt til að hugað sé betur að því.
- Huga þarf að tölvukosti leikskólans og hvetja úttektaraðilar sveitarfélagið til að yfirfara hann.
- Mikil eftirsjá virðist vera af starfsmanni sem hélt utan um skapandi starf á leikskólanum en hann hefur verið færður inn á deild vegna sparnaðar. Er það mat úttektaraðila eftir viðtöl við rýnihópa að mikilvægt sé að endurskoða ákvörðunina til svo sinna megi skapandi starfi á leikskólanum eins stefna skólans segir til um.

9. INNRA MAT

Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur²³⁰.

Innra mat er framkvæmt í leikskólanum. Á heimasíðu skólans er að finna skýrslur um innra mat leikskólans frá árinu 2007 – 2011. Í skýrslu skólans um innra mat frá hausti 2010 til áramóta 2011/2012 er greint frá mati á símenntunaráætlun, samantekt um niðurstöður viðhorfskannanna meðal elstu barna skólans sumarið 2011, mat starfsmanna á gagnsemi fræðsluerinda um stöðvavinnu og kaffitímum, greint frá helstu niðurstöðum viðhorfskonunnar meðal starfsmanna annars vegar og foreldra hins vegar, sem sveitarfélagið framkvæmdi. Þá eru settir fram og metnir mælikvarðar og viðmið sem skólinn setti sér fyrir árið 2011.²³¹ Innra mat leikskólans veitir ekki fullnægjandi upplýsingar um veikleika og styrkleika skólastarfsins, að mati stjórnenda. Að þeirra mati er innra matið það eina sem við höfum til þess að gera umbætur. Er mjög mikilvægt, getum ekki gert þetta vel vegna tímaskorts né vísindalega vegna peningaskorts²³²

9.1. Framkvæmd og ábyrgð

Skólinn hefur áætlun um innra mat til eins árs í senn og kemur hún fram í starfsáætlunum, skv. leikskólastjóra. Að sögn leikskólastjóra er hann ábyrgur fyrir framkvæmd og skipulagi innra mats, engir verkferlar séu til um innra mat en mælikvarðar í starfsáætlun gefi ákveðinn ramma um verklag og að allir starfsmenn leikskólans komi að innra mati.²³³ Skv. stjórnendum er leikskólastjóri ábyrgður fyrir skipulagi og framkvæmd innra mats, en deildarstjórar telja að aðstoðarleikskólastjóri beri einnig ábyrgð.²³⁴ Þær matsaðferðir sem leikskólinn notar við framkvæmd innra mats eru viðhorfskonunn meðal starfsmanna, starfsmannasamtöl, fundir um endurmat, viðburðir, deildarstjórafundir, deildarfundir, sjálfsmat hverrar deildar og foreldrakönnun sveitarfélagsins. Stjórnendur benda á að foreldrakönnunin hafi ekki verið lögð fyrir jafn oft og áætlun hafi verið um, því hafi mat þeirra skort.²³⁵ Ekki fer fram mat á frammistöðu kennara, annað en „óvísindalegt umræðumat“, skv. stjórnendum, deildarstjórum og kennurum.²³⁶

9.2. Þátttaka og áhrif

Reynt er skv. stjórnendum að virkja starfsfólk í innra mati.²³⁷ Að sögn deildarstjóra er starfsfólk mjög virkt í innra mati en þó hafi gengið erfiðlega að fá svörun við könnunum,

²³⁰ Lög um leikskóla 90/2008, 18. gr.

²³¹ Sjálfsmatsskýrsla haust 2010 til áramóta 2011/2012

²³² Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

²³³ Gögn frá leikskólastjóra

²³⁴ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra; Fundur með deildarstjórum

²³⁵ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

²³⁶ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra; Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum

²³⁷ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

*vilji frá stjórnendum er en vantar vilja frá starfsfólki, hann er ekki eins mikill.*²³⁸ Starfsmenn, sem rætt var við, sögðu þátttöku sína í innra mati í gegnum starfsmannasamtöl og viðhorfस्कannanir. Ekki könnuðust allir starfsmenn við að hafa tekið viðhorfस्कönnun. Ennfremur kom fram meðal starfsmanna að upplýsingar er varða innra mat hafi ekki borist til allra starfsmanna og lítið svigrúm hafi verið til að svara viðhorfस्कönnuninni.²³⁹

Aðkoma barna að innra mati er í gegnum viðhorfस्कönnun og rýnihópa elsta árgangs. Einnig taka stjórnendur fram að líðan barnanna sé einnig hluti af innra mati.²⁴⁰ Að sögn stjórnenda þá er aðkoma foreldra að innra mati í gegnum viðhorfस्कönnun á vegum sveitarfélagsins.²⁴¹ Þeir foreldrar, sem rætt var við, sögðu að þá minnti að síðasta könnun frá sveitarfélaginu hafi verið lögð fyrir árið 2008. Þó greindu þeir frá að þeir hefðu fengið senda tölvupóstस्कönnun síðasta skólaár en það hafi verið í tengslum við meistararitgerð.²⁴²

9.3. Eftirfylgni og kynning á niðurstöðum

Stjórnendur segja að innra mati leikskólans hafi verið fylgt eftir með markvissri skólaþróun að þeim mætti sem við höfum.²⁴³ Leikskólinn hefur ekki gert formlega umbótaáætlun en umbætur komi fram í starfsáætlun, sí – og endurmenntunaráætlun og fundargerðum deildarstjórafundu, að sögn stjórnenda, deildarstjóra og fulltrúa sveitarfélagsins.²⁴⁴ Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir umbótum og eftirfylgni í kjölfar innra mats.²⁴⁵ Skv. deildarstjórum eru þeir ábyrgðir fyrir innra mati sinnar deildar.²⁴⁶ Kennarar og almennir starfsmenn sögðust ekki upplýstir um hver bæri ábyrgð.²⁴⁷

Skv. stjórnendum eru niðurstöður innra mats kynntar á fundum þeim sem við á, niðurstöður foreldrakönnunar auglýstar á heimasíðu leikskólans, farið sé yfir þær á foreldrafundum, viðhorfस्कönnun meðal starfsmanna kynnt þeim og foreldraráð fær skýrslu um innra mat til yfirlestrar áður en hún er gerð opinber á heimasíðu leikskólans, skv. stjórnendum.²⁴⁸ Þessu eru starfsmenn leikskólans sammála.²⁴⁹ Varðandi breytingar í kjölfar niðurstöðna innra mats þá tilgreina stjórnendur að *stundum tekst okkur að bæta úr því en ekki alltaf*.²⁵⁰

²³⁸ Fundur með deildarstjórum

²³⁹ Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

²⁴⁰ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

²⁴¹ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

²⁴² Rýnihópur foreldra

²⁴³ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

²⁴⁴ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra; Fundur með deildarstjórum; Fundur með bæjarstjóra, fulltrúum skólaskrifstofu og fulltrúum fræðsluráðs

²⁴⁵ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra, lög um leikskóla nr. 90/2008.

²⁴⁶ Fundur með deildarstjórum

²⁴⁷ Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

²⁴⁸ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

²⁴⁹ Fundur með deildarstjórum; Fundur með kennurum; Rýnihópur starfsmanna

²⁵⁰ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

9.4. Mat úttektaraðila

- Innra mat leikskólans er ekki að fullu í samræmi við lög um leikskóla frá árinu 2008 og aðalnámskrá frá árinu 1999 né 2011. Að sögn stjórnenda er matið ófullnægjandi vegna tímaskorts, manneklu og peningaskorts. Hvetja úttektaraðilar stjórnendur og sveitarfélagið til að bæta þar úr.
- Áætlun um innra mat er gerð til eins árs í senn og birtist hún í ársáætlun leikskólans. Þær matsaðferðir sem leikskólinn notast við eru viðhorfskönnun meðal starfsmanna, starfsmannasamtöl, fundir um endurmat, viðburðir, deildarstjórafundir, deildafundir, sjálfsmat deilda og foreldrakönnun sveitarfélagsins. Að mati úttektaraðila er viðhorfskönnun meðal starfsmanna ófullnægjandi og gefur ekki nægilega góða mynd af stöðu mála. Spurningar eru of fáar.
- Starfsmenn, foreldrar og börn hafa aðkomu að innra mati leikskólans. Aðkoma foreldra hefur skort þau ár sem sveitarfélagið framkvæmir ekki viðhorfskönnun meðal þeirra. Úttektaraðilar hvetja stjórnendur til þess að stuðla að aðkomu foreldra þau ár sem sveitarfélagið framkvæmir ekki viðhorfskönnun meðal foreldra.
- Engir verkferlar eru til um innra mat og er ábyrgð á framkvæmd, eftirfylgni og kynningu óljós meðal starfsmanna. Skýra þarf verkferla og ábyrgð stjórnenda í matinu.
- Leikskólinn hefur ekki útbúið formlega umbótaáætlun. Að sögn stjórnenda tekst ekki alltaf að bæta úr því sem fram kemur í innra mati. Mikilvægt er að mati úttektaraðila að rýnt verði vel í niðurstöður matsins og úrbótum fylgt eftir.
- Starfsmenn eru upplýstir um innra mat og niðurstöður þess. Ekki á það sama við um þá foreldra sem rætt var við, að undanskildum fulltrúa úr foreldraráði. Leikskólinn þarf að kynna innra matið, niðurstöður þess og úrbætur í kjölfarið fyrir hagsmunaaðilum sbr. lög um leikskóla.²⁵¹

²⁵¹ Lög um leikskólar 90/2008

10. FORELDRAR OG YTRI TENGL

Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náð samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein²⁵².

Allir þeir, sem rætt var við, töldu að leikskólanum hefði tekist að koma á samvinnu við foreldra og aðra hagsmunaaðila. Einnig að sátt ríki milli leikskólans og foreldra um fyrirkomulag starfsins. Leikskólinn er í samstarfi við tvo grunnskóla, hefur sett upp sýningar á Sólvangi, verið með verkefni á *Björtum dögum*, mæting foreldra á viðburði skólans er almennt góð, þátttaka er í *Syngjandi jólum*, jólatréð skreytt í jólaþorpi, bókasafnið heimsótt og farið í skógrækt. Einnig á skólinn í góðu samstarfi við stofnanir og fyrirtæki í tengslum við efnisveitu leikskólans.²⁵³

10.1. Foreldraráð

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið ... Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi²⁵⁴.

Foreldraráð var stofnað árið 2008. Ráðið hefur ekki ritað skriflegar fundargerðir nema um stóra fundi sé að ræða. Að sögn fulltrúa í ráðinu fara samskipti að mestu fram í tölvupóstum. Starfsreglur ráðsins er að finna inn á heimasíðu leikskólans. Samkv. samantekt þess má flokka verkefni ráðsins í yfirlestur (s.s. á skólanámskrá), hagsmunagæslu gagnvart sveitarfélaginu (s.s. gjaldskrárhækkanir), leikskólastarfið sjálfst (s.s. matseðill) og atriði sem ráðið sjálft óskar eftir upplýsingum um (s.s. viðbragðsáætlunum).²⁵⁵ Að sögn þeirra foreldra, sem rætt var við, töldu þeir að almennt væru foreldrar ekki upplýstir um starfsreglur ráðsins. Að sögn leikskólastjóra og foreldra hefur ráðið farið yfir áætlanir, dagatal og stefnur leikskólans. Ennfremur hafi ráðið yfirfarið skólastarfið og kallað eftir upplýsingum um ákveðin ferli²⁵⁶ Erfitt hefur reynst skólaárið 2012-2013 að fá foreldra í ráðið og því ekki reynt á hvort sátt sé um val á þeim, *Það þarf að teygja fólk inn, maður velur ekkert úr. Það er meira spurning hvort það fáiist fólk yfir höfuð.*²⁵⁷

²⁵² Lög um leikskóla nr. 90/2008, 9. gr.

²⁵³ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra; Fundur með deildarstjórnum; Fundur með bæjarstjóra, fulltrúum skólaskrifstofu og fulltrúum fræðsluráðs; Rýnihópur foreldra

²⁵⁴ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 11. gr

²⁵⁵ Samantekt fulltrúa foreldraráðs um starfsemi þess

²⁵⁶ Gögn frá leikskólastjóra; Rýnihópur foreldra

²⁵⁷ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra; Rýnihópur foreldra

10.2. Foreldrafélag

Við skólann er starfandi foreldrafélag sem stofnað var árið 2004. Í stjórn þess sitja níu einstaklingar. Samkvæmt fundargerðum félagsins vegna skólaársins 2011 – 2012 kom stjórn félagsins sex sinnum saman yfir skólaárið að aðalfundi meðtöldum. Á þeim fundum var farið yfir lagabreytingar, skipulag jólaballs og sumarhátíðar, styrkveitingar fyrir útskriftarferðar, námskeið fyrir börnin o.fl. Fundargerðir félagsins er að finna á heimasíðu leikskólans. Á skólaárinu 2011 – 2012 stóð foreldrafélagið fyrir hinum ýmsum viðburðum s.s. jólaballi, sumarhátíð, skemmtiatriði á öskudegi, myndatöku barna á deildum, leiksýningum o.fl.²⁵⁸ Að sögn foreldra og stjórnenda er foreldrafélagið virkt og fundi það almennt mánaðarlega. Að þeirra sögn á sama við um val á fulltrúum í foreldrafélagið og í foreldraráðið. Á síðasta aðalfundi hafi 11 foreldrar mætt og allir verið skipaðir sem fulltrúar foreldrafélagsins.²⁵⁹

10.3. Lýðræði og þátttaka

Almennt eru foreldrar ekki nægilega virkir þátttakendur í skólastarfinu að mati stjórnenda, deildarstjóra og foreldra en þeim standi það þó til boða. Þátttaka þeirra sé mismunandi en almennt meiri í viðburðum á vegum skólans fremur en á vegum foreldrafélagsins. Stjórnendur segja foreldra eiga auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og að aðgangur þeirra að upplýsingum um skólastarfið sé greiður en foreldrar komi *ekki svo mikið* að ákvörðunum um skólastarfið. Aðkoma þeirra sé helst í gegnum foreldraráð og þá í tengslum við eitthvað sem foreldrar eru ósattir við s.s. auka starfsdag. Samkvæmt foreldrum, sem rætt var við, koma þeir ekki beint að ákvörðunum um skólastarfið.²⁶⁰

10.4. Samskipti heimilis og leikskólans

Líkt og greint var frá hér að framan þá hefjast samskipti við foreldra á heimili barnsins við upphaf leikskólagöngu. Með heimsókninni er verið að auka líkur á að góð tengsl skapist milli heimilis og skóla. Samskipti leikskóla og heimilis fara fram í daglegum samskiptum, foreldraviðtölum sem haldin eru tvisvar sinnum á ári, tölvupóstum, deildarfundum og viðtölum ef þörf er á og öðrum viðburðum skólans.²⁶¹²⁶² Á heimasíðu hans er aðgengileg handbók fyrir foreldra. Þar er m.a. fjallað um meginmarkmið leikskólastarfs, fræðsluvið Hafnarfjarðar, daglegt líf í leikskólanum, foreldraviðtöl, veikindi og fjarvistir, afmæli o.fl. sem viðkemur starfsemi leikskólans.²⁶³

²⁵⁸ Foreldrafélagið af heimasíðu Stekkjaráss

²⁵⁹ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra; Rýnihópur foreldra

²⁶⁰ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra; Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur foreldra

²⁶¹ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra;

²⁶² Rýnihópur foreldra

²⁶³ Velkomin í skólann af heimsíðu Stekkjaráss

10.5. Mat úttektaraðila

- Leikskólanum hefur tekist að koma á samvinnu við foreldra og grenndarsamfélagið.
- Foreldraráð er virkt og eru starfsreglur þess aðgengilegar á heimasíðu leikskólans. Formlegir fundir þess eru fátíðir en samskipti fara að mestu fram í tölvupóstum. Ráðið hefur m.a. lesið yfir skólanámskrá, staðið að hagsmunagæslu foreldra gagnvart sveitarfélaginu og kallað eftir gögnum um skólastarfið. Svo virðist sem foreldrar mættu vera betur upplýstir um starfsreglur ráðsins. Úttektaraðilar hvetja ráðið til þess að auka vitund foreldra um starfsemi þess, m.a. með fundargerðum.
- Foreldrafélag skólans er virkt og kemur það reglulega saman. Félagið hefur m.a. staðið að viðburðum s.s. sumarhátíð, myndatöku, leiksýningu o.fl.
- Erfitt hefur reynst að fá fulltrúa í foreldraráð og foreldrafélag skólans ásamt því að dræm mæting hefur verið á viðburði þess síðarnefnda. Það sama á ekki við um viðburði á vegum skólans. Foreldrar eiga, að eigin sögn, auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og að aðgangur þeirra að upplýsingum um skólastarfið sé greiður en aðkoma þeirra að ákvörðunartöku lítil. Hvetja úttektaraðilar stjórnendur og fulltrúa foreldraráðsins til þess að vinna saman að því að auka þátttöku og áhrif foreldra í skólastarfinu.
- Fyrstu samskipti foreldra við starfsmenn leikskólans fara fram á heimili barnsins. Tilgangur þess er að auka líkur á góðri tengslamyndun milli heimilis og skóla. Úttektaraðilar telja þetta fyrirkomulag leikskólans til fyrirmyndar.

11. SÉRKENNSLA BARNA OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS

Mat á námi á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli þess skal veita þeim námstækisfæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í skólastarfi²⁶⁴. Á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Leikskólastjóri skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir²⁶⁵.

11.1. Sérkennsla barna

Á leikskólanum er starfandi sérkennslustjóri í 100% starfi. Hann hefur umsjón með að þeir nemendur, sem hafi fengið úthlutað sérkennslutímum, fái þann stuðning sem þörf er á. Einnig er sérkennslustjóri til ráðgjafar um einstaka nemendur sem eru í skoðun vegna hugsanlegra frávika í námi og þroska. Jafnframt eru í skólanum starfsmenn sem sinna nemendum sem hafa fengið úthlutað sérkennslutímum frá skólaskrifstofu. Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir hvern nemenda sem hlýtur sérkennslu.²⁶⁶ Að sögn sérkennslustjóra eru skýrir verkferlar um eftirfylgni í framhaldi af greiningu.²⁶⁷ Leikskólastjóri segir leikskólann í góðu samstarfi við þá sérfræðinga sem hafa með frávik einstakra nemenda að gera s.s. þroskapijálfa, sjúkrapijálfa, iðjupjálfa og starfsfólk stofnanna.²⁶⁸

Sérkennsla er kynnt foreldrum og öðrum hluteigandi aðilum á kynningarfundum fyrir foreldra að hausti, kynningu fyrir nýja foreldra, á heimasíðu sveitarfélagsins og í skólanámskrá, að sögn stjórnenda, sérkennslustjóra og fulltrúa sveitarfélagsins.²⁶⁹ Á kynningarfundum að hausti og á kynningu fyrir nýja foreldra er sérkennslustjóri kynntur en ekki sé um að ræða almenna kynningu á sérkennslu, að sögn sérkennslustjóra og foreldra sem rætt var við. Sérkennslustjóri tekur þó fram að starfsfólki sé gerð grein fyrir sérkennslu barna og starfi sínu.²⁷⁰

Misjafnt er hvort starfsfólk telji að sátt ríki um sérkennslu innan leikskólans. Að sögn deildarstjóra ríkir sátt um sérkennslu en erfitt hafi reynst að finna tíma til að veita stuðninginn. Að sögn starfsmanna ríkir ekki sátt um hvernig sérkennslu er háttað. Að þeirra mati hefur sérkennslustjóri ekki nægan tíma til að sinna öllum börnunum. Þeim sé falið að veita börnum stuðning án nauðsynlegs tíma, þjálfunar og þekkingar. Þó kom

²⁶⁴ Aðalnámskrá leikskóla 2011:31.

²⁶⁵ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 21. og 22. gr.

²⁶⁶ Gögn frá leikskólastjóra

²⁶⁷ Fundur með sérkennslustjóra

²⁶⁸ Gögn frá leikskólastjóra

²⁶⁹ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra; Fundur með sérkennslustjóra; Fundur með bæjarstjóra, fulltrúum skólaskrifstofu og fulltrúum fræðsluráðs

²⁷⁰ Fundur með sérkennslustjóra; Rýnihópur foreldra

fram að handleiðsla starfsmanna í tengslum við sérkennslu væri mismunandi eftir deildum. Deildarstjórar taka undir að ófaglærðu fólki sé falið að veita barni stuðning og það starfsfólk *meini vel en sé ekki faglært fólk, leikskólinn er svo stór að sérkennslustjóri getur ekki allt.*²⁷¹

11.2. Sérfræðipjónusta sveitarfélagsins

Aðgengi skólans og foreldra að sérfræðipjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga að mati stjórnenda, sérkennslustjóra og fulltrúa sveitarfélagsins. Þó taka stjórnendur, sérkennslustjóri og foreldrar fram að biðlistar eftir greiningu sé langir. Skv. stjórnendum og sérkennslustjóra fær leikskólinn ráðgjöf um skólastarf frá sérfræðingum utan skólans sé óskað eftir því s.s. kennsluráðgjafa, talmeinafræðingi, þróunarfulltrúa, sálfræðingi og SMT teymi.²⁷²

Aðgengi barna og foreldra að sérkennslu er gott, að mati sérkennslustjóra, foreldra og fulltrúa sveitarfélagsins. Að sögn sérkennslustjóra er mikill skilningur hjá bænum varðandi sérkennslu t.a.m. geti leikskólinn með rökstuðningi fengið úthlutað fjármagni til stuðnings við barn þó svo að greining liggi ekki fyrir. Helst kom fram meðal foreldra óánægja með biðlista eftir greiningu á vegum sveitarfélagsins. Skv. fulltrúum sveitarfélagsins þá eru þeir meðvitaðir um lengd biðlista og tengist það m.a. aðhaldi í rekstri. Þó sé stefnt á að minnka biðlista þá sérstaklega vegna greininga talmeinafræðings. Ennfremur taka þeir fram að reynt sé að koma til móts við þarfir barna með stuðningi inni á leikskólanum sjálfum þar til greining liggi fyrir.²⁷³

Sérfræðipjónusta sveitarfélagsins er ekki kynnt fyrir foreldrum nema barn þeirra þurfi að mati starfsmanna á þeirri þjónustu að halda, að sögn sérkennslustjóra og foreldra.²⁷⁴ Misjafnt var meðal starfsmanna hvort þeim hafði verið kynnt sérfræðipjónusta sveitarfélagsins.²⁷⁵ Skýrir verkferlar eru í framhaldi að greiningu s.s. einstaklingsnámskrá og teymisfundir, að mati stjórnenda, sérkennslustjóra og fulltrúa sveitarfélagsins.²⁷⁶ Leikskólinn er í samstarfi við heilsugæslu en að sögn stjórnenda hefur heilsugæslan fremur verið að leita til þeirra eftir upplýsingum með samþykki foreldra fremur en að leikskólinn leiti til heilsugæslunnar.²⁷⁷ Sérkennslustjóri segir samstarfið við heilsugæsluna fara að mestu í gegnum skólaskrifstofu bæjarins.²⁷⁸

²⁷¹ Fundur með deildarstjórum; Rýnihópur starfsmanna

²⁷² Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra ;Fundur með sérkennslustjóra; Rýnihópur foreldra; Fundur með bæjarstjóra, fulltrúum skólaskrifstofu og fulltrúum fræðsluráðs

²⁷³ Fundur með sérkennslustjóra; Rýnihópur foreldra; Fundur með bæjarstjóra, fulltrúum skólaskrifstofu og fulltrúum fræðsluráðs

²⁷⁴ Fundur með sérkennslustjóra; Rýnihópur foreldra

²⁷⁵ Rýnihópur starfsmanna

²⁷⁶ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra ;Fundur með sérkennslustjóra;; Fundur með bæjarstjóra, fulltrúum skólaskrifstofu og fulltrúum fræðsluráðs

²⁷⁷ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

²⁷⁸ Fundur með sérkennslustjóra

11.3. Mat úttektaraðila

- Aðgangur leikskólans, barna og foreldra að sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins er að mestu í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins.
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir hvern nemenda sem hlýtur sérkennslu og skýrir verkferlar eru í framhaldi af greiningu.
- Sérkennslustjóri er kynntur fyrir foreldrum en ekki hvaða sérfræðiþjónusta stendur þeim til boða. Kynna má betur fyrir foreldrum þá sérfræðiþjónustu sem í boði er.
- Ekki virðist ríkja sátt um sérkennslu innan leikskólans. Fram kom meðal starfsmanna að sérkennslustjóri hefði ekki tíma til að sinna öllum börnum, að erfitt sé að finna tíma fyrir stuðning og að starfsmönnum sé falið að veita börnum stuðning án nauðsynlegs tíma, þjálfunar og þekkingar. Mikilvægt er að stjórnendur og sérkennslustjóri geri úrbætur á framkvæmd sérkennslu og stuðnings og að unnið verði að því að auka sátt um hana.
- Fram kom meðal starfsmanna og foreldra að biðlistar eftir greiningu væru langir. Hvetja úttektaraðilar sveitarfélagið til þess að vinna áfram að því að þeir verði styttrir.
- Sveitarfélagið veitir fjármagn til stuðnings barna sem eru á biðlista eftir greiningu hjá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Að mati úttektaraðila er það til fyrirmyndar.
- Lítið samstarf virðist vera á milli leikskólans og heilsugæslu og fer það að mestu fram í gegnum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

12. MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.²⁷⁹

Áherslur sveitarfélagsins í rekstri leikskóla er að vera með frábæra leikskóla, markmið að öllum líði vel og séu gladdir. Ennfremur kom fram að í fræðsluráði sé jákvætt viðhorf og hvatning til nýrra hugmynda, viljum hafa virkt skapandi leikskólaumhverfi. Mat og eftirlit sveitarfélagsins með leikskólanum hefur fyrst og fremst falið í sér viðhorfskannanir meðal foreldra og starfsmanna²⁸⁰ ásamt því að starfsáætlanir og skóladagatöl séu lögð fram á fundum fræðsluráðs til staðfestingar. Ennfremur hafi rekstrarstjóri virkt eftirlit með framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá hverri starfseiningu fræðsluþjónustunnar.²⁸¹ Að sögn stjórnenda snýr mat sveitarfélagsins fremur að fjárhagsáætlun og þátttöku leikskólans í viðburðum sveitarfélagsins heldur en innra starfi leikskólans. Þeir taka fram að sveitarfélagið kalli eftir gögnum s.s. fjárhagsáætlunum en skólinn fái ekki endurgjöf.²⁸² Fulltrúar sveitarfélagsins segja leikskólastjóra skylt að kynna niðurstöður ytra mats fyrir foreldrum og starfsmönnum, en einnig séu niðurstöður þess kynntar á heimasíðu bæjarins og í fræðsluráði.²⁸³ Að sögn stjórnenda leikskólans fer ytra mat sveitarfélagsins inn í innra mat skólans og séu niðurstöður þess aðgengilegar á heimasíðu skólans.²⁸⁴

Eftirlit og stuðningur sveitarfélagsins með leikskólanum fer fram, að sögn fulltrúa þess, með reglulegum samráðsfundum, fjárhagslegu eftirliti, með því að kalla eftir gögnum, heimsóknum, viðhorfskönnunum, starfsskýrslum og skóladagatali. Sveitarfélagið er í samstarfi við önnur sveitarfélög t.d. um samráðsfundi leikskólafulltrúa, endurmenntun starfsfólks, sér öðrum sveitarfélögum fyrir sérþæðipjónustu o.fl. Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins vilja þeir sjá leikskólann *þróast áfram og verði í framþróun eftir þeirri braut sem hann er á núna.*²⁸⁵

12.1. Mat úttektaraðila

- Ytra mat sveitarfélagsins er ekki að öllu leyti í samræmi við lög um leikskóla frá árinu 2008 og aðalnámskrá 2011. Mikilvægt er að sveitarfélagið meti skólastarf með hliðsjón af aðstæðum leikskólans og sérstöðu.²⁸⁶
- Ytra mat sveitarfélagsins hefur fyrst og fremst falið í sér viðhorfskannanir meðal starfsmanna og foreldra. Þær hafa þó ekki farið fram reglulega. Að sögn stjórnenda

²⁷⁹ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 19.gr.

²⁸⁰ Fundur með bæjarstjóra, fulltrúum skólaskrifstofu og fulltrúum fræðsluráðs

²⁸¹ Athugasemdir bæjarstjóra við drög að úttekt á leikskólanum Stekkjarási

²⁸² Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

²⁸³ Fundur með bæjarstjóra, fulltrúum skólaskrifstofu og fulltrúum fræðsluráðs

²⁸⁴ Fundur með leikskólastjóra (í leyfi) og starfandi leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

²⁸⁵ Fundur með bæjarstjóra, fulltrúum skólaskrifstofu og fulltrúum fræðsluráðs

²⁸⁶ Aðalnámskrá leikskóla 2011: 55

snýr matið að fjárhagsáætlun og þátttöku leikskólans í viðburðum sveitarfélagsins fremur en innra starfi.

- Misjafnar skoðanir komu fram meðal stjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins um hvernig stuðningi og eftirliti sveitarfélagsins væri háttað. Ennfremur kalla stjórnendur leikskólans eftir aukinni endurgjöf. Mikilvægt er, að mati úttektaraðila, að samstarf og samvinna aukist á milli stjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins svo sátt megi verða um skólastarfið.

13. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum á úttekt á leikskólanum Stekkjarás. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og aðalnámskrá leikskóla. Í viðtölum voru stjórnendur, kennarar, starfsmenn, börn, foreldrar og fulltrúar sveitarfélags spurðir út í styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri leikskólans. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila ásamt mati úttektaraðila.

13.1. Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar	Veikleikar
Stefna skólans og gott uppeldisstarf	Mikil starfsmannavelta og hátt fjarvistarhlutfall. Undirmönnun vegna veikinda
Umhverfi skólans	Ekki telja allir starfsmenn sig vinna eftir starfsaðferðum skólans og veita nemendum nám við hæfi, ekki skrifleg námsmarkmið og skortur á tíma til að innleiða stefnu
Vægi frjálsa leiksins mikið og aðkoma barna að ákvarðanatöku góð	Lágt hlutfall leikskólakennara
Skólaþróun og „Fræðandi föstudagar“	Fræðsluþarfir starfsmanna ekki greindar nægilega vel
Gott foreldrasamstarf	Skortur á samræmingu verkferla og stjórnun milli deilda
Fyrstu kynni leikskóla og barns fara fram á heimili barnsins	Ekki stuðst við ferli um móttöku nýrra starfsmanna
Remida, miðstöð fyrir endurvinnanlegan efnivið	Innra og ytra mat ekki í fullu samræmi við lög um leikskóla og aðalnámskrá
Skýrir verkferlar um ýmsa þætti skólastarfsins	Ósamþykkt agastefna og verkferlar í agamálum ekki samræmdir
Leikskólinn hefur staðist rekstraráætlanir	Skortur á fjármagni, m.a. til innkaupa á efni og aðbúnaði.
Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins að mestu í samræmi við ákvæði reglugerðar þar að lútandi. Sérkennslustjóri starfar við leikskólann.	Lítið samstarf við bæjaryfirvöld

13.2. Ógnanir og tækifæri

Ógnir	Tækifæri
Fagmenntað starfsfólk sæki ekki um störf á leikskólum. Minna af fagfólki til þess að leiða starfið.	Fjölgun leikskólakennara
Mikið aðhald í rekstri	Aðlögun skólastarfs að nýrri aðalnámskrá og samræming á vinnubrögðum
Áframhaldandi hnókrar á samstarfi og samvinnu stjórnenda leikskólans og bæjaryfirvalda	Frekari skólaþróun
	Aukið samstarf milli deilda
	Umhverfi leikskólans og útinám

13.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta

13.3.1 Tillögur til úrbóta á aðkomu sveitarfélagsins

- Sveitarfélagið veiti leikskólanum rými eins og kostur er til að laga skólastarf að nýrri aðalnámskrá og endurskoða skólanámskrá.
- Rýna þarf í afleiðingar sparnaðaraðgerða sveitarfélagsins. Mikilvægt er að minnka starfsmannaveltu, draga úr fjarvistum og álagi á starfsfólk.
- Tryggja þarf að starfsfólk og foreldrar þurfi ekki sjálft að kaupa leikefni og efnivið fyrir skólastarfið.
- Finna þarf leiðir til að fjölga leikskólakennurum.
- Auka þarf samvinnu og samstarf milli sveitarfélagsins og leikskólans.
- Auka mætti samvinnu og samráð leik- og grunnskólanna í sveitarfélaginu.
- Endurskoða þarf tölvukost skólans.
- Kynna má betur fyrir foreldrum þá sérfræðiþjónustu sem er í boði.
- Framkvæma þarf reglulega kerfisbundið ytra mat meðal foreldra, starfsmanna og barna á leikskólanum ásamt því að kynna niðurstöður þess.
- Endurskoða þarf ákvörðun um starfsmann, sem sinnti skapandi starfi á leikskólanum, þar sem stefna skólans gefur tilefni til þess.

13.3.2. Tillögur til úrbóta á starfi skólans

- Endurskoðun á stefnu og skólanámskrá m.t.t. skólastefnu sveitarfélagsins og út frá lögum og aðalnámskrá. Móta þarf aðgerða- og tímaáætlun og leggja áherslu á samvinnu allra hagsmunaaðila.
- Halda þarf áfram aðgerðum til að fjölga leikskólakennurum við skólann.
- Ferli um móttöku nýliða verði ávallt nýtt þegar nýir starfsmenn hefja störf.

- Rýna þarf betur í fjarvistir starfsmanna og sjá til þess að allar deildir vinni eftir fjarvistarstefnu skólans.
- Ljúka þarf við starfsmannahandbók og kynna hana vel fyrir starfsfólki. Kynna þarf símenntunaráætlun betur fyrir starfsfólki og greina skipulega fræðsluþarfir leikskólans og starfsmanna hans, m.a. í samvinnu við sveitarfélagið.
- Endurskoða þarf jafnréttisáætlun m.t.t. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 2008.
- Samræma ætti agastefnu leikskólans, kynna hana og þjálfa starfsmenn eða taka upp SMT eins og gert hefur verið í mörgum skólum sveitarfélagsins.
- Kynna má betur ýmsar áætlanir og gögn sem leikskólinn á og vinnur eftir.
- Huga þarf að útbótum við framkvæmd innra mats. Skilgreina þarf ábyrgð starfsmanna og stjórnenda, útbúa skýra aðgerðaáætlun í kjölfar niðurstaðna og kynna fyrir helstu hagsmunaaðilum og fylgja úrbótum eftir.
- Auka má vitund og þátttöku foreldra á starfi leikskólans.

HEIMILDIR

Aðalnámskrá leikskóla. 2011. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Reykjavík.
Bæklingur til nýrra starfsmanna. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Deildir. Sótt af heimasíðu Stekkjaráss.
Drög að agastefnu feb 2011. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Eftirlitsskýrslur frá Brunavörnum, Heilbrigðiseftirliti og vinnueftirliti. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Eineltisáætlun Stekkjaráss. Sótt af heimasíðu Stekkjaráss.
Foreldrafélagið. Sótt af heimasíðu Stekkjaráss.
Foreldrakönnun 2011. Framkvæmd af Hafnarfjarðarbæ. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Forvarna og lýðheilsuáætlun Stekkjaráss. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Fræðsluráð Hafnarfjarðar. Sótt af heimasíðu sveitarfélagsins.
Fundargerðir starfsmannafunda í febrúar, mars, ágúst og september. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Fyrstu viðbrögð við brunabodum. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Gagnalisti. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Greinargerðir leikskólastjórnenda. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Gögn frá leikskólastjóra. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Jafnréttisáætlun Stekkjaráss. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Lög um leikskóla nr.90/2008
Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 10/2008.
Listi yfir starfsmenn og menntun þeirra. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Mannauðsstefna Hafnarfjarðarbæjar. Sótt af heimasíðu sveitarfélagsins.
Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.
Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002 og með breytingum nr. 607/2005.
Rýming á húsnæði við brunaböða. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Saga skólans. Sótt af heimasíðu Stekkjaráss.
Samantekt fulltrúa foreldraráðs um starfsemi þess. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Attentus – mannauð og ráðgjöf um framkvæmd úttektar á leikskólanum Stekkjarási.
Símenntunaráætlun 2012. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Sjálfsmatsskýrsla haust 2010 til áramóta 2011/2012. Sótt af heimasíðu Stekkjaráss.
Skólanámskrá Stekkjarás. Sótt af heimasíðu Stekkjaráss.
Skólastefna Hafnarfjarðar. Sótt af heimasíðu sveitarfélagsins.
Slys á börnum. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
SMT – skólafærni. Sótt af heimasíðu Hafnarfjarðar.
Starfsáætlanir. Sótt af heimasíðu Stekkjaráss.
Starfsmannahandbók Stekkjarás. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Starfsmannakönnun 2012. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Umsókn um sérkennslutíma. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.
Velkomin í skólann. Sótt af heimasíðu Stekkjaráss.
Viðbragðsáætlun vegna slysa og áfalla í leikskólum Hafnarfjarðar. Gögn send Attentus – mannauði og ráðgjöf.